

# RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS SAMBANDSPING 2011 Í REYKJAVÍK



# ÁRSSKÝRSLA 2010



Táknmynd Íslenska hagkerfisins

# SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR UM STARFSEMI RSÍ 2010-2011



Skýrsla miðstjórnar Rafiðnaðarsambands Íslands

um starfsemi sambandsins fyrir starfsárið apríl 2010 til apríl 2011.

Lagt fram á 17. þingi RSÍ sem haldið er á Grand Hótel í Reykjavík 28. – 30. apríl 2011.

# Efnisyfirlit

Inngangur formanns	3	Ályktun um lífeyrismál	37
Stjórnir RSÍ kosnar á 16. þingi RSÍ 2007	5	Ályktun um gjaldmiðilmál	38
Magnús Kjartan Geirsson. Minning	11	Orka til breytinga	39
Félagsmenn	13	Félagsfundir	40
Erlendir félagsmenn	13	Formannafundur aðildarféлага ASÍ	42
Starfsmenn RSÍ	16	Erlent samstarf	43
Breytingar á nýtingu húsnæðis við Stórhöfðann	17	Þing Norska rafiðnaðarsambandsins	43
Lögfræðingur	17	Ársfundur NBTF Helsingfors 23. nóvember 2010	44
Starfsendurhæfingarráðgjafi	17	Þing Danska rafiðnaðarsambandsins	46
Ákvæðisvinnustofa rafiðnaðar	18	Ráðstefna norræna rafiðnaðarsambandsins	47
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	19	Þing Evrópusambands byggingarmanna	48
Samstarf við Leonardo	19	Þing norræna byggingarsambandsins	49
Raunfærnimat	19	Kjarasamningar	50
Rafbókasafnið	19	Launakönnun Rafiðnaðarsambands Íslands 2010	55
Rafiðnaðarskólinn	20	Menntun og staða á vinnumarkaði	55
Verkið, Skills Ísland	20	Meðalvinnutími	56
Íslandsmót iðngreina	21	Meðalheildarmánaðarlaun rafiðnaðarmanna	56
Heimskeppni iðngreina	21	Meðalheildarmánaðarlaun	56
Heiðursverðlaun Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur	21	Meðaldaglaun (regluleg laun) rafiðnaðarmanna	56
Styrkir RSÍ til mannúðarmála	22	Regluleg laun	56
Jólaball RSÍ	22	Launamunur kynjanna	57
1. maí kaffi	22	Orlofskerfi RSÍ	59
Fjölskylduhátíð RSÍ	22	Miklar breytingar	59
Ferð eldri félagsmanna	23	Orlofshúsakerfi Rafiðnaðarsambandsins	60
Spennugolf 2010	23	Nýting aðstöðu í orlofshúsakerfi Rafiðnaðarsambandsins	61
Veiðikort og útilegukort	24	Úthlutun orlofsaðstöðu innanlands – Sumar 2011	62
Félagsstarfið	25	Skógarnes við Apavatn	62
Miðstjórn	25	Framkvæmdir á Skógarnesi	63
Viðhorfskönnun á starfsemi RSÍ	26	Golfvöllurinn	63
Sambandsstjórnarfundur 2010	27	Menntamál	65
Reikningar sambandsins	27	Sveinspróf	65
Kjaramálin	27	Rafiðnaðarskólinn	66
Lífeyrissjóðsmál	28	Yfirlit aðsóknar að skólanum	67
Staða menntasjóðs	28	Fræðslustarf í rafiðngreinum	67
Félag símsmiða gengur í Félag ísl. rafvirkja	28	Styrktarsjóðurinn	71
Netkannanir RSÍ	29	Tegund styrkja – fjöldi styrkþega	71
Félagsfundir	31	Styrkir styrktarsjóðs	72
Trúnaðarmannaráðstefnan	32	Starfsemi Stafa	73
Krafa um hagvöxt	32	Sjóðfélagar og iðgjöld	74
Krafa um tryggingu kaupmáttar	33	Lífeyrisgreiðslur og tryggingastaða	75
Mismunur lífeyrisréttinda og samþætting		Greiðslur úr séreignardeild 2006-2010	75
við almannatryggingakerfið	34	Ávöxtun eigna	76
Kröfugerð Rafiðnaðarsambands Íslands		Fjárfestingar	76
í almennum samningnum desember 2010	36	Rekstrarkostnaður	76
Ályktun um efnahagsmál	36	Skipulag og stjórnun Stafa	76



Guðmundur Gunnarsson, formaður RSÍ.

## Inngangur formanns

Síðustu ár hafa markast af ástandinu sem Hrúnið hefur valdið. Fall krónunnar olli auknum skuldum, hækkandi verðlagi og minnkandi kaupmætti. Verðbólga lækkaði ekki eins mikið og gert hafði verið ráð fyrir og fjöldi heimila er í vandræðum. Ástand innan RSÍ var betra en við mátti búast, atvinnuleysi var mun minna en í öðrum starfsgeirum, en það var reyndar að töluverðu leyti tilkomið vegna þess að margir fluttu úr landi og svipaður hópur fór í nám, eins og fram kemur annars staðar í skýrslunni. Í launakönnunum sem sambandið gerði virtust kjaraskerðingar meðal rafiðnaðarmanna ekki vera jafnumfangsmiklar og gert hafði verið ráð fyrir í spám.

Áberandi er hve mikið félagsleg virkni hefur vaxið eftir Hrúnið, tæplega 1000 félagsmenn sóttu fjölmarga fundi sem haldnir voru víðsvegar um landið í fyrra og það sem af er þessu ári hafa um 500 félagsmenn sótt fundi. Í samþykktum um stefnu sambandsins og ítrekuð tilmæli félagsmanna hefur miðstjórn lagt áherslu á að einn af meginþáttum í starfsemi sambandsins sé að stuðla að fyrirbyggjandi starfi meðal félagsmanna með öflugri starfsmenntun, styrkja fyrirbyggjandi líkamsrækt og nýta fjármuni sjóða sambandsins til þessa starfs, geyma frekar fjármuni sambandssjóða þar sem félagsmenn geta umgengist þá. Eftir Hrun jókst ásókn í námskeið Rafiðnaðarskólans, styrkir úr sjóðum sambandsins jukust mikið, ásamt leit eftir lögfræði- og félagslegri aðstoð við úrlausnir á félags- og fjárhagslegum vanda.

Nýting orlofshúsa og tjaldsvæðis sambandsins jókst gríðarlega. Þetta er í samræmi við niðurstöður nýlegra rannsókna þar sem kemur fram að afleiðingar Hrunsins hafa haft mun víðtækari áhrif á andlegt álag einstaklinga og félagslega stöðu heimilanna en gert hafði verið ráð fyrir. Haustið 2008 samþykkti miðstjórn að það væri skylda sambandsins að nýta allan styrk þess til að takast á við þennan vanda

með félagsmönnum og hefur fjárhagslegum vanda verið dreift á sjóði sambandsins. Sambandsstjórnarfundir og trúnaðarmannaráðstefnur tóku undir þessar samþykktir á fundum sínum 2009 og 2010. Tíu ára áætlun miðstjórnar um byggingu nýrra húsa og endurbyggingu þeirra eldri var flýtt um tvö ár og lauk þeim framkvæmdum á orlofssvæðinu á Apavatni í fyrra. Óvæntur kostnaður lenti á orlofssjóði vegna Suðurlandsskjálfta, fyrirhugað hafði verið að endurnýja húsin í Ölfusborgum og reyndist hagkvæmara að nýta bætur sem fengust úr tryggingum samfara heildar endurnýjun húsanna.

Ráðist var í stækkun og úrbætur á aðstöðu Rafiðnaðarskólans, félagsleg aðstaða stækkuð, ráðinn lögmaður og opnuð skrifstofa í samráði við Virk. Þar hefur verið fullt út úr dyrum. Fyrirhuguðum framkvæmdum á tjaldsvæði sambandsins var flýtt um nokkur ár, enda orlofshús og orlofssvæðin fullnýtt þrátt fyrir tvöföldun afkasta við móttöku gesta. Ítrekað hefur komið fram mikil ánægja meðal félagsmanna með þessi viðbrögð sambandsins.

Miðstjórn hefur í samræmi við ofanritað samþykkt að styrkja orlofssjóðinn um 40 milljónir króna vegna flýtingu þessara verkefna á orlofssvæðinu og byggingaframkvæmda á árunum eftir Hrun.

Okkur starfsmönnum stéttarfélaganna finnst umræðunni oft lítið miða og hlutunum snúið á haus. Það voru ekki stéttarfélög sem tóku ákvarðanir um hvort byggja ætti álver í Straumsvík og á Reyðarfirði, það voru stjórnarmálmennt. Það reis upp deila í Karphúsinu við gerð Stöðugleikasáttmálans þegar stjórnvöld lögðu fram lista um stækkun Ísals, ný álver í Helguvík og á Bakka, ásamt gagnaverum, kísilverum og fleiri orkufrekum framkvæmdum og jafnvel streng yfir hafið til Skotlands. Við fulltrúar RSÍ spurðum árangurslaust um hvaðan orkan ætti að koma og hvort búið væri að samþykkja nauðsynlegar línulagnir. Ef svo væri ekki þá væri þessi áætlun marklaus.

Síðar kom í ljós að svo var ekki, allar athugasemdir okkar voru réttar og Stöðugleikasáttmálinn fjaraði út. Á það hefur ítrekað verið bent að þessi atvinnumálastefna gengur ekki upp nema ríkisstjórnin taki upp breytta ákvarðanatöku í orkumálum. Stéttarfélagin hafa verið að biðja um atvinnumálastefnu en ekkert sérstaklega um álver og hafa bent á marga aðra möguleika. Rafiðnaðarmenn hafa margoft bent á að fjölgun atvinnutækifæra í rafgeiranum hafa verið hjá spröta- og tæknifyrirtækjum en styrkir til spröta- og tæknifyrirtækja eru brot af því sem varið er til stóriðju. Eins er nauðsynlegt að hér verði tekinn upp alvöru gjaldmiðill sem er forsenda þess að spröta- og tæknifyrirtæki þrífist í þessu efnahagsumhverfi. Þetta er grundvallaratriði hvað varðar fjölgun atvinnutækifæra.

Að venju er skýrslan ítarleg þar sem hún er hugsuð að hluta til sem heimildarrit um sögu sambandsins.



Dynkur í Þjórsá

# Stjórnir RSÍ kosnar á 16. þingi RSÍ 2007

## Framkvæmdastjórn:

**Formaður:** .....Guðmundur Gunnarsson

**Varaformaður:** .....Björn Ágúst Sigurjónsson

**Ritari:** .....Helgi Jónsson

**Gjaldkeri:** .....Haukur Ágústsson

**Meðstjórnandi:** .....Grétar Guðmundsson

## Miðstjórn

### Aðalmenn

Andri Jóhannesson FRV  
Birna Dögg Granz  
Einar Kristinsson FSK  
Frosti Frostason FÍR  
Georg Georgsson RFS  
Guðrún S. Bergþórsdóttir FÍS  
Haflíði Sívertsen FTR  
Helgi Einarsson FNÍR  
Jakob Tryggvason FTR  
Jens Ragnarsson FÍR  
Kristján Þórður Snæbjarnarson FRV  
Ómar Baldursson FRS  
Sigurgeir Ólafsson FSS  
Sigurður Sigurðsson FÍR  
Stefán Sveinsson FÍR

### Varamenn

Anna Melsteð FTR  
Brynjar Hermannsson RFN  
Davíð E. Sigmundsson FRV  
Eyjólfur Ólafsson FRV  
Haraldur Arnbjörnsson RFS  
Jóhann Bjarnason FRS  
Jón Ingi Öfjörð FÍR  
Kristín Ósk Óskarsdóttir FÍS  
Sighvatur D. Sighvatsson FSS  
Sigurjón Ingvarsson FÍR  
Svanborg Hilmarsdóttir FNÍR  
Þórður Bachmann FÍR

## Sambandstjórn

### Aðalmenn

Bára Halldórsdóttir FRV  
Borgþór Hjörvarsson FÍR  
Bjarni Harðarson FÍS  
Björn Eysteinnsson FRV  
Heimir Ólason FÍR  
Haraldur Jónsson FÍR  
Ísleifur Tómasson FÍR  
Júlía B. Þórðardóttir FÍR  
Rúnar Bachmann FÍR  
Rúnar S. Sigurjónsson FNÍR  
Sigurður Ólafsson RFN

### Varamenn

Aðalsteinn Arnarson RFN  
Aðalsteinn Stefánsson FÍR  
Arnar B. Arnoddsson RFS  
Ármann H. Guðmundsson FRV  
Bjarni Þór Ólafsson FSS  
Brynjar Svansson FÍR  
Gestur Magnússon FÍR  
Gestur Bjarnason FÍR  
Heiðar Friðjónsson FSK  
Helgi Þorvaldsson FÍR  
Sigurður Hauksson FÍS

Trausti Gíslason RFS

Sigurður Karlsson FÍR

Viðar Már Þorsteinsson FSS

Valdimar Ásgeirsson FNÍR

Þorsteinn Ú. Björnsson FTR

Þorvaldur Þorvaldsson FRS

## Starfsnefndir miðstjórnar

**Formaður kjörstjórna v. stjórnarkosninga aðildarféлага:** Stefán Ó. Guðmundsson.

**Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgangiðslu kjarasamninga:** Stefán Ó. Guðmundsson, Sigurður Geirsson og Ísleifur Tómasson. Til vara Birna Birgisdóttir.

**Launanefnd:** Helgi Jónsson, Andri Jóhannesson, Sigurður Sigurðsson og Haukur Ágústsson.

**Orlofsnefnd:** Sigurður Sigurðsson, Sigurður Lúter Björgvinsson, Einar Kristinsson og Bára Halldórsdóttir og Borgþór Hjörvarsson til vara.

**Golfnefnd:** Garðar Árnason, Guðbjörn Ólafsson, Magnús Jaroslav Magnússon og Víðir Tómasson.

Með nefndinni starfar Stefán Ó. Guðmundsson.

**Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs:** Ísleifur Tómasson, Björn Eysteinnsson og Guðrún Guðmundsdóttir.

**Laganefnd:** Rúnar Bachmann, Georg Georgsson og Jakob Tryggvason.

**Stjórn Norræna rafiðnaðarsambandsins:** Þar situr formaður hvers lands fyrir sig.

**Arbejdsmiljo NEF:** Ísleifur Tómasson.

**Menntanefnd NEF:** Sigurður Geirsson.

**Arbejdsmiljo NBTF:** Ísleifur Tómasson.

**Stjórn NBTF:** Guðmundur Gunnarsson.

**Stjórn NTO:** Grétar Guðmundsson, Björn Eysteinnsson varam. Sigurgeir Ólafsson.

**Ákvæðisvinnunefnd rafiðna:** Tómas Bjarni Tómasson og Þorvaldur Hjaltason.

**Skoðunarmenn:** Bára Halldórsdóttir, Sigurður L. Björgvinsson. Til vara. Árni H.

Jóhannsson.

**Stjórnarmenn Stafa lífeyrissjóðs:** Haraldur Jónsson aðalmaður, Guðmundur Gunnarsson varamaður. Niels Sigurðsson fyrir Matvís, Andri Jóhannesson varamaður.

## Stjórnir aðildarféлага kjörnar á aðalfundum

**Stjórn Félags íslenzkra rafvirkja:** Stefán Sveinsson form., Jón Ingi Öfjörð varaform., Sigurður Sigurðsson ritari, Jens Ragnarsson gjaldkeri. Meðstj. Jón Ólafur Halldórsson, Eiríkur Sigurðsson og Sigurjón Ingvarsson

**Stjórn Félags rafeindavirkja:** Kristján Þórður Snæbjarnarson formaður, Haukur Ágústsson varaform, Davíð E. Sigmundsson ritari, Andri Jóhannesson gjaldkeri, Eyjólfur Ólafsson, Þórarinn Ólafsson og Örn Kristinsson meðstj. Varam. í stjórn Bára Halldórsdóttir, Ásvaldur Kristjánsson og Jakob Kristinsson

**Félag íslenskra símamanna:** Grétar Guðmundsson formaður, Kristín Ósk Óskarsdóttir varaformaður, Birna Dögg Granz ritari, Guðrún S. Bergþórsdóttir gjaldkeri, Bjarni R. Harðarson meðstj.

**Stjórn Rafvirkjafélags Norðurlands:** Helgi Jónsson form., Brynjar Hermannsson varaform., Guðmundur Ingi Geirsson ritari, Gústaf Eggertsson gjaldk., Aðalsteinn Arnarsson meðstj. Sigurður Hjaltason og Jóhannes Gunnar Jóhannesson varastj.

**Stjórn Félags Rafiðnaðarmanna á Suðurlandi:** Ómar Baldursson form., Jóhann Bjarnason varaform., Þorvaldur Þorvaldsson ritari, Birgir Sigurjónsson gjaldk., Óskar Ingi Böðvarsson meðstj., Steinar Guðjónsson og Helgi Guðmundsson varastj.

**Stjórn Rafiðnaðarfélags Suðurnesja:** Georg Georgsson form., Haraldur Arnbjörnsson varaform. Karl Hrólfsson gjaldk., Arnmundur Sigurðsson ritari, Helgi Hilmarsson meðstj.

**Stjórn Félags sýningarstjóra við kvikmyndahús:** Einar Ág. Kristinsson form., Pröstur Árnason gjaldk., Atli Már Sigurjónsson ritari, Rúnar Brynjólfsson meðstj., Kristinn Einarsson meðstj.

**Stjórn Tæknifólks í rafiðnaði:** Jakob Tryggvason form., Hafliði Sívertsen varaform., Hafþór Ólafsson ritari, Páll Sveinn Guðmundsson gjaldk., Sigurjón Ólason meðstj. og Kolbrún Kristjánsdóttir og Ragnar G. Gunnarsson varamenn.

**Stjórn Félags símsmiða:** Sigurgeir Ólafsson form., Sighvatur D. Sighvatsson varaform., Viðar Már Þorsteinsson ritari, Bjarni Þór Ólafsson gjaldk., Sigurður L. Björgvinsson og Sigurbjörn Eiríksson meðstj. Eyrún Baldursdóttir

**Stjórn Félags nema í rafiðnum:** Helgi Einarsson formaður, Hannes Páll Þórðarson varaformaður, Svanborg Hilmarsdóttir gjaldkeri, Rúnar S. Sigurjónsson ritari.

## Mennta- og fræðslunefndir kjörnar á ársfundum

**Sveinsprófsnefnd sterkstraum:** Sigurður Sigurðsson form., Einar Ragnarsson, Stefán Sveinsson

**Sveinsprófsnefnd veikstraum:** Davíð Einar Sigmundsson, Andrés Einar Guðjónsson og Þorsteinn Jóhannsson.

**Menntasjóður rafiðnaðarins:** Rúnar Bachmann og Örn Kristinsson. Varam. Sigurgeir Ólafsson.

**Eftirmenntunarn. veikstraumur**, Rafeindavirkjar – Símsmiðir – Tæknifólk. Aðalmenn: Sigurgeir Ólafsson, Sveinn Kjartansson, Þórunn Stefanía Jónsdóttir og Jóhannes Jónsson. **Varamenn:** Davíð E. Sigmundsson. Viðar Már Þorkelsson, Hafliði Sívertsen, Þorsteinn Jóhannsson og Andri Jóhannesson.

**Eftirmenntunarn. sterkstraumur**, Rafvirkjar – Rafvélavirkjar – Rafveituvirkjar. Aðalmenn: Bergsveinn Kristinsson, Georg Georgsson, Guðmundur Gunnarsson og Helgi Þorvaldsson. **Varamenn:** Stefán Ó. Guðmundsson, Borgþór Hjörvarsson, Rúnar Bachmann og Þorvaldur Þorvaldsson.

**Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans:** Ásvaldur Kristinsson, Björn Ág. Sigurjónsson. Jakob Tryggvason varam.

**Framkvæmdastjórn Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins:** Ísleifur Tómasson og Andri Jóhannesson.

**Starfsgreinaráð rafiðnaðarins, aðalmenn:** Svanborg Hilmarsdóttir rafvirki, Sigurður L. Björgvinsson símsmiður, Helgi B. Þorvaldsson rafveituv. **Varamenn:** Þórunn Stefanía Jónsdóttir rafeindav., Jakob Tryggvason tæknim., Stefán Sveinsson Rafiðnaðarskólinn.

## Skipun fastanefnda ASÍ af hálfu RSÍ

**Miðstjórn ASÍ:** Guðmundur Gunnarsson, til vara Björn Ág. Sigurjónsson.

**Lífeyrisnefnd ASÍ:** Guðmundur Gunnarsson, til vara Andri Jóhannesson.

**Alþjóðanefnd:** Helgi Jónsson, til vara Björn Eysteinnsson.

**Umhverfisnefnd:** Guðmundur Gunnarsson form., Þorsteinn Úlfar Björnsson, til vara Björn Eysteinnsson.

**Atvinnumálanefnd:** Kristján Þórður Snæbjarnarson, til vara Björn Eysteinnsson.

**Velferðarnefnd:** Ísleifur Tómasson, til vara Ómar Baldursson.

**Jafnréttis- og fjölskyldunefnd:** Ísleifur Tómasson, til vara Jens Ragnarsson.

**Mennta- og útbreiðslunefnd:** Stefán Ó Guðmundsson, til vara Stefán Sveinsson.

**Kjara- og skattanefnd:** Björn Ág. Sigurjónsson, til vara Georg Georgsson.

**Skipulags- og starfsháttanefnd:** Guðmundur Gunnarsson, til vara Grétar Guðmundsson.

**Vinnuréttar- og vinnumarkaðsnefnd:** Björn Ágúst Sigurjónsson, til vara Þórunn S. Jónsdóttir.

**Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna:** Björn Ág. Sigurjónsson.

**I. maí nefnd Reykjavík:** Ísleifur Tómasson.

**Listasafn ASÍ:** Guðmundur Gunnarsson.

**Starfsendurhæfingarsjóður:** Ísleifur Tómasson.

**Vísinda- og tækniráð:** Þórunn S. Jónsdóttir.

**Félagisdómur:** Valgeir Jónasson, til vara: Bjarni Sigfússon.

**Starfsmenntaráð Félagsmálaráðuneytis:** Guðmundur Gunnarsson.

**Stjórn Einarstaða:** Björn Ág. Sigurjónsson.

**Stjórn Flókalundar:** Björn Ág. Sigurjónsson.

**Stjórn Ljósheima:** Björn Ág. Sigurjónsson.


**Stjórn Ölfusborga:** Ísleifur Tómasson.

## Magnús Kjartan Geirsson

### Minning

Magnús Geirsson, fyrrv. formaður Rafiðnaðarsambandsins, lést 7. okt. 2010. Magnús lærði rafvirkjun hjá Segli og var í stjórn Félags rafvirkjanema 1949–1952. Í stjórn Iðnnemasambands Íslands 1950–1952.

Starfaði sem rafvirki hjá Landssmiðjunni 1955 til 1958. Hann var í stjórn Félags íslenskra rafvirkja 1955–1986 og var formaður félagsins 1969–1986. Magnús fékk gullmerki FÍR 1987 og var gerður heiðursfélagi 1995. Hann hóf störf hjá FÍR í hlutastarfi árið 1959 á meðan hann var hjá Landssmiðjunni og svo í fullu starfi hjá FÍR árið 1969 og síðar



Rafiðnaðarsambandinu til ársins 1994. Magnús var í stjórn lífeyrissjóðs rafiðnaðarmanna frá stofnun 1969 og var í stjórnnum sjóðsins til ársins 1994. Magnús var einn helsti hvatamaður að stofnun Rafiðnaðarsambands Íslands árið 1970 og var í stjórn sambandsins frá stofnun til 1993 og formaður þess 1971–1993. Hann sat í miðstjórn ASÍ frá árinu 1972 og var áberandi í starfi verkalýðshreyfingarinnar. Magnús sat í bankastjórn Alþýðubankans og síðar Íslandsbanka. Hann var alla tíð virkur í norrænu samstarfi rafiðnaðarmanna.

Þegar Magnús var gjaldkeri FÍR var m.a. verk gjaldkera að fara á milli fyrirtækja á föstudagskvöldum og rukka inn félagsgjöld og önnur samningsbundin launatengd gjöld. Þar kynntist hann persónulega hverjum einasta félagsmanni. Starfsemi FÍR var á þeim árum í einni skrifborðskúffu hjá Fulltrúaráði verkalýðsfélaganna, en árið 1956 keypti félagið hluta af Freyjugötu 27 þar sem komið var upp mjög góðri aðstöðu fyrir starfseminu.

Á þessum árum var Óskar Hallgrímsson formaður FÍR og áttu þeir Magnús mjög gott og farsælt samstarf. Þeir voru báðir atkvæðamiklir innan verkalýðshreyfingarinnar og lögðu mikla vinnu í að ná fram endurbótum á skipulagi samtaka launamanna. Byggðu upp öflugasta styrktarsjóð í verkalýðshreyfingunni og stóðu að stofnun heildarsamtaka þeirra sem störfuðu í rafiðnaði. Skipulag RSÍ var að þeirra tillögu með öðrum hætti en tíðkaðist hér á landi, með því náðist mun beinskeyttari rekstur.

Til þess að ná fram helstu baráttumálunum þurfti samstöðu innan verkalýðshreyfingarinnar. Magnús starfaði mikið innan ASÍ, sat þar í miðstjórn og fjölmörgum starfsnefndum, auk þess að starfa í norrænum

samtökum launamanna og nefndum hins opinbera. Þær voru ófáar helgarnar og kvöldin þar sem hann var á fundum með okkur sem störfuðum með honum í félagslega starfinu. Magnús naut ekki alltaf sannmælis fyrir baráttu sína, eins og svo oft á við um hugsjónamenn. Þeir verða fyrir barðinu á úrtölu mönnum og þá reynir á hversu harður skrápurinn er og stundum brestur hann. Hann tók inn á sig ósanngjörn ummæli, honum sveið undan þeim og hann ræddi þau í þröngum vinalóp.

Bryndís eiginkona Magnúsar stóð ætíð þétt við hlið hans. Þau byggðu sér fallett heimili og áttu þrjú börn. Það er ekki hallað á neinn þótt fullyrt sé að með Magnúsi hafi farið einhver allra besti forystu- maður rafiðnaðarmanna og um leið íslenskrar verkalýðshreyfingar.

## Félagsmenn

Félag	2010	óvirkir	2009	óvirkir	2008	óvirkir	2007	2006	2005
Fél nema	34		68		136		318	329	308
Fél símsm	158	11	162	3	175	5	201	223	205
Rafv. Nland	190	20	169	13	180	17	188	175	172
Fél ísl rafv	1.572	167	1.344	167	1.547	146	1.665	1.389	1.358
Rafeindav	723	24	693	45	756	29	967	845	783
Fél raf Suðl	122	15	101	5	109	11	136	110	105
Fél tæknif	886	11	861	212	1.576	18	907	567	449
Raf Suðurn	102	5	85	15	103	10	130	126	100
Fél ísl símam	946	245	691	134	906	236	1.056	912	892
Fél sýn.stj.	33	6	29	1	27	7	34	35	35
<b>Samtals</b>	<b>4.766</b>	<b>504</b>	<b>4.203</b>	<b>595</b>	<b>5.515</b>	<b>479</b>	<b>5.602</b>	<b>4.711</b>	<b>3.515</b>

Hér blasa afleiðingar Hrunsins við, en markaðurinn er að jafna sig. Fyrir Hrun hafði í allmörg ár nánast ekkert atvinnuleysi verið í rafiðnaði, þrátt fyrir að erlendir rafiðnaðarmenn hefðu verið nálægt 400 hér á landi þegar flest var. Þeir eru farnir og til viðbótar hafa nokkrir íslenskir rafiðnaðarmenn farið til útlanda en erfitt er að finna út nákvæmlega hversu margir. Ef þessi tafla er skoðuð sjáum við að störfum í rafgeira fækkar frá toppnum um 1.400. En frá botninum 2009 hefur störfum fjölgað aftur um 600 sé litið til fækkunar óvirkra.

## Erlendir félagsmenn

Í RSÍ voru á síðasta ári, 83 erlendir félagsmenn frá 19 löndum og hafði fækkað um 40. Þessar skráningartölur segja ekkert til um það hversu lengi viðkomandi hefur verið hér, einungis að hann var á skrá einhvern tíma ársins. Flestir eru frá Póllandi eða 18, frá Þýskalandi 14, Danmörku 11, Bretlandi 6, Bandaríkjunum 4, Portúgal 4, Litháen 5, Noregi 2, Svíþjóð 2, Finnlandi 2. Frá öðrum löndum er 1 frá hverju. Erlendir rafiðnaðarmenn voru flestir 2007 og 2008 eða um 450.

Ekki hafa verið vandræði í samskiptum við þessa menn og í vaxandi mæli leita þeir að fyrra bragði til RSÍ með að fá leiðréttingu sinna mála.

## Atvinnuleysi

Atvinnuleysi hefur verið langmest á höfuðborgarsvæðinu. Þessi staða er vel þekkt, enda hefur það ætíð verið þannig að ef ekki er vinnu að hafa úti á landi, hafa menn flutt á höfuðborgarsvæðið.

Sambandið studdi atvinnulausa félagsmenn með ýmsum hætti, greiddir voru út námskeiðstyrkir fyrir rúmlega 5 millj. kr. til atvinnulausra á árinu. Líkamsræktarstyrkir jukust um 6 millj. kr. árinu og sjúkradagpeningar um 12 millj. kr. Einnig var umtalsverðum upphæðum varið til atvinnuskapandi verkefna.

## Yfirlit yfir atvinnuleysi meðal rafiðnaðarmanna frá Hruni

	Nóv. 08	Maí 09	Júl. 09	Jan. 10	Maí 10	Júl. 10	Okt. 10	Des. 10	Jan. 11	Feb. 11
<b>Rafvirkjar</b>	31	124	33	63	79	48	44	65	63	71
<b>Rafeindav</b>	7	43	21	32	31	25	27	29	28	23
<b>Símsm.</b>	2	5	4	5	6	3	2	2	2	2
<b>Tæknifólk</b>	18	157	66	88	95	68	92	93	95	84
<b>Nemar</b>	4	12	6	7	5	4	5	5	5	6
<b>Samtals</b>	<b>62</b>	<b>341</b>	<b>130</b>	<b>195</b>	<b>216</b>	<b>148</b>	<b>170</b>	<b>194</b>	<b>193</b>	<b>186</b>



Urriðafoss í Þjórsá

## Starfsemin

### Helstu kennitölur úr bókhaldi

Félagsgjöld til RSÍ árið 2010 námu alls kr. 131.5 millj. kr. og hækkuðu um 3,5 millj. kr. milli ára, eða um 2,7%. Félagsgjaldið skiptist í samræmi við ákvörðun sambandsstjórnar þannig: Hlutur aðildarfélaga 35% - Sambandið 44% - Styrktarsjóður 1% - Orlofssjóður 14% - Menningarsjóður 6%.

Heildariðgjöld til sjóða sambandsins voru 431 millj. kr. og fjármagnstekjur kr. 55 millj. og jukust heildartekjur um 7,5%. Heildarrekstrargjöld sambandsins 2010 voru 437 millj. kr. og lækkuðu um 3%, Rekstrarafgangur var 32.6 millj. kr. Niðurstaðan er betri en áætlað var. Reiknað var með rekstrarhalla vegna tekjutaps og um leið aukinna útgjalda vegna stöðu á vinnumarkaði.

Tekjur styrktarsjóðs árið 2010 voru kr. 206 millj. kr. og hækkuðu um 9.2%. Auk þess rann til sjóðsins um 2 millj. kr. af félagsgjaldi. Alls fengu 59 félagsmenn greidda út sjúkradagpeninga á árinu og nam meðal-

tal greiðslna 863 þús. kr. á mann. Í heild fengu 1640 félagsmenn greidda styrki á síðasta ári. Eign Styrktarsjóðs er um 973,4 millj. kr.

Tekjur orlofssjóðs voru 78 millj. kr. árið 2010, þar af rann til sjóðsins af félagsgjaldi 27.6 millj. kr. Leigutekjur hafa hækkað, voru 37.8 millj. kr. árið 2009 en í fyrra 45 millj. kr. Tekjur af tjaldsvæði hækkuðu og voru 10 millj. kr. árið 2010. Bókfærð eign Orlofssjóðs er um 566.5 millj. kr.

Heildarbókfærðar eignir eru um 1.7 mia kr. En þess má geta að bókfærðar fasteignir eru 757.6 millj. kr., brunabótamat fasteigna sambandsins eru 1 mia kr. þar af eru orlofseignir um helmingur og hinn helmingurinn er að mestu fasteignir við Stórhöfða. Að teknu tilliti til þessa eru heildareignir sambandsins, það er sjóðir og fasteignir, samtals um 2.5 mia. kr.

## Skrifstofan

Starfsemi skrifstofunnar er margþætt, hún snýst ekki einvörðungu um kjarasamninga eins og allnokkrir virðast telja. Lögð hefur verið á það áhersla undanfarin ár að félagsmenn sjái sér hag í því að vera innan samtaka rafiðnaðarmanna frekar en að líta á það sem skyldu.

Á undanförunum árum hefur orðið gríðarleg aukning á því að félagsmenn nýti sér þá þjónustu og tryggingu sem aðild að sambandinu veitir. Einnig er nýting í orlofskerfinu mjög góð og kallar á mikla vinnu starfsmanna. Margs konar ráðgjöf er veitt ekki einungis hvað varðar túlkun á kjarasamningum heldur einnig ráðningarsamninga, samskipti á vinnumarkaði, réttindi gagnvart almenna tryggingakerfinu og tryggingafélögum og þannig mætti lengi telja.

## Starfsmenn RSÍ

*Guðmundur Gunnarsson* form. Framkvæmdastjórn á skrifstofu. Kjarasamningar og samskipti út á við, ASÍ, nefndastörf og norræn samskipti og umsjón skrifstofu. *Björn Ágúst Sigurjónsson* samskipti við vinnustaði, umsjón orlofshúsa, umsjón kjarasamninga við stórkaupmenn og almenna samninginn. *Björn Eysteinnsson* samskipti við vinnustaði, umsjón ríkissamnings og samninga við fjarskiptafyrirtækin. *Birna Birgisdóttir* bókhald. *Guðrún Guðmundsdóttir* gjaldkeri, styrktarsjóður, umsjón orlofsleigu. *Ísleifur Tómasson* samskipti við vinnustaði, vinnuverndarmál, umsjón kjarasamninga við orkufyrirtækin. *Svava Skúladóttir* sér um sjúkrasjóð og skráningar í orlofskerfið. *Sigurður Steinarsson* er í hlutastarfi, sinnir eftirliti á vinnumarkaðinum, hefur umsjón með íbúðunum í Reykjavík og með tjaldvögnunum. *Sæmundur Hrólfs-son* umsjón og eftirlit orlofshúsa. Auk þess er *Þorsteinn Úlfar Björnsson* að hluta í starfi hjá sambandinu og að hluta til hjá Félagi tæknifólks.

## Breytingar á nýtingu húsnæðis við Stórhöfðann.

Árið 2009 var fest kaup á jarðhæð, götuhæð og 3. hæð hússins við Stórhöfða 27, að mestu fjármagnað með makaskiptum á eigninni í Skeifunni 11. Lífeyrissjóðurinn keypti allt skrifstofurýmið á jarðhæðinni í Stórhöfða 31.

Búið er að flytja sveinsprófsbása yfir í nýtt húsnæði Rafiðnaðarskólans og lagfæra rýmið þar sem orlofskerfið er með sína starfsemi á jarðhæðinni í Stórhöfða 31. Rafiðnaðarskólinn, Ákvæðisvinnustofan, Fræðsluskrifstofan, lögfræðingurinn og starfsendurhæfingarfulltrúinn hafa komið sé vel fyrir í Stórhöfða 27 og Mjólkurfræðingafélagið leigir þar húsnæði undir skrifstofur sínar.

## Lögfræðingur

Fyrir rúmu ári var ákveðið að fastráða lögfræðing í samvinnu RSÍ, Matviss og lífeyrissjóðsins. Félagsmenn hafa tekið þessari nýjung fagnandi og nýtt hana vel. Einnig er þetta góð aðstoð við starfsmenn sem eru í betri stöðu til þess að taka afstöðu til mála og svara með beinskeyttari hætti.

Í kjölfar Hruns voru margir í lausu lofti og óvissu með sín mál. Þeir leituðu til lögmannsins og starfsmanna lífeyrissjóðsins. Nú er meira jafnvægi komið á þau mál.

Verkefnum hefur stöðugt fjölgað og félagsmenn hafa, eins og áður, verið duglegir að hafa samband vegna margs konar mála. Þau eru vitanlega misumfangsmikil, en um 300 fyrirspurnir hvað varðar laga-legalar úrlausnir komu á árinu 2010. Eins og venjulega voru flestar leystar með nokkrum samtölum en 90 enduðu í formlegum málarekstri.

Helstu verkefni hafa verið hagsmunagæsla fyrir einstaka félagsmenn eða hópa þeirra sem lenda í deilum við núverandi eða fyrrum vinnuveitendur sína. Mikið hefur verið um kröfulýsingar í þrotabú fyrirtækja vegna vangreiddra launa, orlofs og launa í uppsagnarfresti. Allt í allt er líklega um að ræða kröfur sóttar í ábyrgðasjóð á bilinu 15-17 milljónir. Eftir að samningar losnuðu hafa svo auðvitað kjaraviðræður tekið mikinn tíma og hefur lögmaður RSÍ ásamt samstarfsfélögum verið mjög virkur í að finna hvernig megi siðbæta vinnumarkaðinn öllum til hagsbóta með því að sporna við kennitölflakki, félagslegum undirboðum og öðru slíku sem setur svartan blett á vinnumarkaðinn og samfélagið og veldur því gríðarlegum skaða.

## Starfsendurhæfingarráðgjafi

Haustið 2009 var ráðinn starfsendurhæfingarráðgjafi í samstarfi við Virk, starfsendurhæfingarsjóð. Til starfans var ráðin *Sigrún Sigurðardóttir*. Hún starfar fyrir stéttarfélögin í Stórhöfða, en hefur starfsaðstöðu hjá RSÍ. Hlutverk sjóðsins er að aðstoða fólk sem lendir í langvinnri fjarveru frá vinnu vegna

veikinda eða slysa. Hlutverk ráðgjafa er að bjóða félagsmönnum upp á þjónustu ef starfshæfni þeirra er skert eða henni er ógnað vegna veikinda eða heilsubreysts.

Rauði þráðurinn er að efla virkni einstaklingsins, auka vinnugetu og varðveita vinnusamband hans til að koma í veg fyrir að hann detti út af vinnumarkaðnum. Þegar einstaklingur sækir um í sjúkrasjóð fær hann bréf frá ráðgjafa þar sem honum er kynnt þjónustan. Veikindaréttur fólks er mismunandi langur og því getur fólk hafa verið frá vinnu vegna veikinda í langan tíma áður en það fær aðstoð frá sjúkrasjóði. Það er því mikilvægt að hafa í huga að þegar félagsmaður á orðið erfitt með að sinna starfi sínu vegna heilsubreysts, getur hann sett sig í samband við ráðgjafa. Ekki er skilyrði fyrir aðstoð að viðkomandi njóti aðstoðar sjúkrasjóðs.

Ráðgjafaferlið fer síðan eftir þörfum og væntingum hvers og eins. En markmiðið er að efla færni og vinnugetu til að draga úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku. Lykilatriði í því sambandi er aukin virkni einstaklingsins, efling endurhæfingar og að stuðla að endurkomu til vinnu. Áhersla er á vinnusamband einstaklingsins og skoðun á möguleikum á endurkomu til vinnu í samvinnu við vinnustaðinn.

Eftir því sem starfið hefur þróast hefur áhersla verið aukin á samstarf við vinnuveitendur til að styrkja möguleika einstaklingsins á því að snúa aftur til starfa. Einnig hefur verið lögð áhersla á að skoða þá þætti í vinnuumhverfinu sem hafa áhrif á starfsgetu einstaklingsins til að aðstoða hann við að viðhalda vinnugetu sinni og möguleikum á að vera virkur á vinnumarkaði.

Frá því að starfsemin hófst í Stórhöfða hafa 29 félagsmenn Rafiðnaðarsambandsins fengið aðstoð. Af þeim hafa tveir hætt, 17 eru í reglulegum viðtölum hjá ráðgjafa og 10 hafa útskrifast eða 35% þeirra sem fengið hafa aðstoð frá upphafi starfseminnar.

Flestir þeirra sem hafa fengið aðstoð frá ráðgjafa koma í gegnum sjúkrasjóð eða 55%. 21% þeirra sem hafa fengið aðstoð voru í vinnu við upphaf þjónustu, en helmingur þeirra kom í viðtal fyrir tilstuðlan vinnuveitenda. 72% þeirra sem komu í viðtal voru frá vinnu vegna heilsubreysts, en um þriðjungur þeirra var með ráðningarsamband við vinnuveitenda.

Af þeim sem hafa útskrifast fóru 70% í vinnu og fengu laun frá vinnuveitanda, 20% fengu greiddar atvinnuleysisbætur og um 10% fengu greiddan örorkulífeyrir. Af þeim sem hafa útskrifast eru því um 90% félagsmanna með vinnugetu.

## Ákvæðisvinnustofa rafiðnaðar.

Starfsmaður stofunnar er Ólafur Sigurðsson. Starfsemin byggist að mestu á umsjón og endurnýjun

ákvæðisvinnutaxtans. Starfsmaðurinn aðstoðar við endurmat á kostnaði verka rísi upp deilur. Auk þess er taxtinn mikið notaður af verkfræðistofum og fyrirtækjum við verkáætlanir.

## Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins

Starfsmenn eru *Ísleifur Árni Jakobsson* framkv.stj. og *Stefán Ó. Guðmundsson*. Stofan hefur samning við menntamálaráðuneytið um umsjón og endurnýjun námskráa rafiðnaðargreina. Mat á námi erlendra rafiðnaðarmanna og eins ef einstaklingar vilja hefja nám í rafiðngrein. Eftirlit með námssamningum. Umsjón prófabanka sveinsprófsnefnda og umsjón sveinsprófa. Samskipti við menntamálaráðuneyti og verkmenntaskóla. Skrifstofan starfar í nánú samstarfi við Félag kennara í rafiðngreinum.

## Samstarf við Leonardo

Undanfarin ár hefur Fræðsluskrifstofan, þ.e. Stefán Ó. og Ísleifur Tómasson, unnið að nemaskiptum í samráði við Dani og Svía með styrkjum frá Leonardo. Þar hefur Rafiðnaðarsambandið einnig komið að og stutt þetta verkefni veglega. Verkefni þetta var valið besta mannaskiptaverkefnið á árunum 2005 og 2006. Alls hafa fjórir nemar farið utan í starfsþjálfun og fyrir liggur styrkur fyrir fjóra nema í rafvirkjun á næstu tveimur árum.

## Raunfærnimat

Frá árinu 2007 hefur verið haldið raunfærnimat í rafiðngreinum. Þar hafa þeim rafiðnaðarnemum sem hafa flosnað úr námi, en verið að vinna í faginu í mörg ár, gefist kostur á að fara í eins konar stöðupróf og fá þá þekkingu metna sem þeir hafa aflað sér í starfi.

2009 tóku 33 þátt í raunfærnimati í rafiðngreinum. Stóðust þátttakendur mat í 185 áföngum upp á 430 einingar. Þeir stóðust að jafnaði 7 af hverjum 10 áföngum sem þeir fóru í.

Fyrir mjög marga þátttakendur hefur raunfærnimatið verið mikil lyftistöng til að hefja nám að nýju og hefur fjöldi þeirra komið í sveinspróf undanfarin misseri. Ánægjulegt er að geta þess að einn af þessum mönnum fékk verðlaun fyrir bestan árangur í verklegum hluta sveinsprófs í febrúar 2010.

## Rafbókasafnið

Á undanförunum misserum hefur verið unnið að því að koma upp aðgengilegu bókasafni á netinu með kennslubókum í námsgreinum tengdum rafgreinum, allt frá eðlis- og efnafræðikennslu í grunnskóla í gegnum námsbrautir í framhaldsskólum og öllum rafiðnaðargreinum í verknaámsskólum upp í Tæknihá-

skóla. Þessar bækur eru öllum rafiðnaðarnemum aðgengilegar án endurgjalds. Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins gerði samning við dönsku rafiðnaðarskrifstofuna um aðgang að öllum dönsku bókunum sem eru ákaflega vandaðar og hafa allnokkuð verið nýttar hér á landi.

Bækurnar á [www.rafbok.is](http://www.rafbok.is) eru margar á dönsku en þegar er búið að þýða allnokkrar þeirra á íslensku og unnið að því jafnt og þétt og klára það verkefni. Margir kennarar eru þegar farnir að nýta sér þetta og mikil ánægja meðal nema. Þetta er í raun fjárhagslegur stuðningur við rafiðnaðarnám í bókakaupum sem nemur á annað hundrað þúsundum króna fyrir hvern nema. Rafiðnaðarsamband Íslands hefur styrkt þetta verkefni árlega um 2 millj. kr. og mun áfram styrkja þýðingar auk þess að leggja til netþjóna og annað sem varðar netþjónustu.

## Rafiðnaðarskólinn

Skólinn er rekinn í góðu samstarfi RSÍ og SART. Rafgreinar eru umfram aðrar háðar öflugri símenntun og hvergi er það eins áberandi að geta starfsmanna stendur undir stöðu fyrirtækja í rafiðnaði, það er forsenda mikils samstarfs fyrirtækja og starfsmanna um öfluga símenntun. Samfara aukinni tækniþróun hefur starfsmenntun orðið hryggbeinið í kjarabaráttu rafiðnaðarmanna og ekki síður trygging fyrir starfsstöðu á vinnumarkaði. Meirihluti eftirmenntunargjaldsins rennur til reksturs skólans auk þess að renna til þróunar á nýjum námskeiðum og endurnýjunar eldri námskeiða og þá um leið kennslutækja.

Þeir félagsmenn sem greitt er af í eftirmenntunarsjóð fá allt að 67% afslátt af námskeiðsgjöldum. Að þessu leyti sker eftirmenntunarsjóður rafiðnaðarmanna sig algjörlega frá öðrum starfsmenntasjóðum verkalýðshreyfingarinnar. Aðrir sjóðir starfa ekki að þróun námskeiða og stefnumarkandi þróun, samfara tækniþróun. Þarna fara hagsmunir fyrirtækjanna algjörlega saman við hagsmuni starfsmanna og skýrir vel mikið samstarf SART og RSÍ um rekstur menntakerfisins. Fyrirtæki ná ekki til sín verkefnum sé ekki til staðar þekking í röðum starfsmanna til þess að takast á við þau.

RSÍ og aðildarfélög studdu starf skólans á liðnu starfsári eins og oft áður. Nú með því að greiða rekstrarstyrk 3 mánuði ársins, auk þess að samtök rafiðnaðarmanna eiga það húsnæði sem skólinn er í og nýtur hann velvildar í leigukjörum. Aðildarfélög RSÍ hafa einnig stutt skólann árlega með myndarlegum gjöfum til kennslutækjakaupa. Rafiðnaðarskólinn hefur nú flutt alla aðstöðu sína í Stórhöfða 27.

## Verkið, Skills Ísland

Þann 15. nóvember síðastliðinn voru stofnuð samtökin Verkið, Skills Ísland. Stofnaðilar eru 12 samtök, 5 samtök iðnaðarmanna og 5 samtök atvinnurekenda auk Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur og

Iðnmenntar fyrir hönd fjölbrauta- og iðnskóla. Verkið hefur gert samkomulag við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um greiðslur vegna þátttöku Íslands í *World Skills* samtökunum. Í stjórn Verkiðnar er Björn Ágúst Sigurjónsson formaður.

## Íslandsmót iðngreina

Næsta Íslandsmót iðngreina verður haldið í mars 2012. Undirbúningur byrjaði í september síðastliðnum og nú er verið að vinna að keppnisreglum þar sem tekið verður á mörgum málum sem upp komu í síðasta móti. Má þar meðal annars nefna aldur keppenda og kynningu á verkefnum þeirra. Nú munu Verkið, Skills Ísland sjá um keppnina og halda utan um sameiginlega þætti.

Ekki liggur fyrir hvar Íslandsmótið verður haldið þar sem búið er að leigja út Vetrargarðinn í Smáralind og við komumst ekki þangað inn aftur. Nokkrir staðir koma til greina og er verið að skoða þá og niðurstaða á að liggja fyrir nú í vor. Reiknað er með að keppendur í rafvirkjun verði frá þeim skólum sem kenna þá grein. Þá er verið að skoða aðkomu rafeindavirkja að keppninni og hvort hægt sé að setja á keppni þeirra.

Mikill áhugi er á því að kynna iðngreinar og keppnina á næsta ári fyrir grunnskólanemum. Í því sambandi er verið að skoða möguleika á að sækja nemendur úr 9. og 10. bekk í keppnina og kynna þeim þannig möguleika þeirra sem læra iðngreinar.

## Heimskeppni iðngreina

Heimsleikar *World Skills* verða haldnir í London í byrjun október. Stjórn og trúnaðarráð Félags íslenskra rafvirkja hafa ákveðið að senda keppanda á mótið. Sá sem fer að þessu sinni er nemendi úr Verkmenntaskólaum á Akureyri, *Arnar Helgi Ágústsson*, sem varð í 3. sæti á Íslandsmótinu í fyrra. Ástæða þess að þeir sem urðu í 1. og 2. sæti koma ekki til greina er aldur þeirra. Hámarksaldur þeirra sem keppa á *World Skills* er 22 ár, árið sem keppnin er haldin. Keppandinn fer nú að undirbúa þátttöku sína með því að fara yfir verkefni fyrri keppna og skoða það sem komið er af verkefnum keppinnar í London. Formaður FÍR fer einnig út sem dómari í rafvirkjakeppninni. Líklegt er að keppt verði í sömu greinum og síðast, í pípulögnum og hárgreiðslu auk rafvirkjunar.

## Heiðursverðlaun Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur

Heiðursverðlaunin voru afhent 5. febrúar í Ráðhúsi Reykjavíkur eins og venja er. Forseti Íslands afhenti verðlaunin. Alls var 21 iðnnemi verðlaunaður og þar af 4 úr okkar röðum. Þeir sem fengu silfur-

verðlaun voru *Bjarni Kjartansson*, rafeindavirki, *Friðrik Óli Atlason*, rafvirki, *Gísli Gunnar Pétursson*, rafvirki og *Ólafur Egill Ólafsson*, rafeindavirki. Friðrik Óli fékk einnig verðlaun frá Háskólanum í Reykjavík, nám á einni önn í HR sér að kostnaðarlausu.

## Styrkir RSÍ til mannúðarmála

Skrifstofu RSÍ berast fjölmargar beiðnir um að styrkja margs konar málefni og flest þeirra eru mjög þörf. Það leiddi til þess að sú ákvörðun var tekin á fyrri þingum RSÍ að veita frekar færri styrki og hafa þá myndarlega. Úthlutun á árlegum styrk RSÍ 2010 var til hóps áhugafólks í Fellabæ um kaup á hjarta-stuðtæki en hópurinn hlaut 250.000 kr. Íþróttafélagið Örvar á Fljótsdalshéraði og Fjarðarbyggð, sem er íþróttafélag fatlaðra, fékk styrk að upphæð 500.000 kr. Og Hollvinafélag Fjórðungssjúkrahússins á Neskaupstað, til kaupa á sneiðmyndataeki fyrir sjúkrahúsið, fékk 250.000 kr.

## Jólaball RSÍ

Ballið var haldið sunnudaginn 20. desember í Gullhömrum. Þetta er í annað skipti sem það er gert. Næstum helmingi fleiri mættu nú en í fyrra eða um 250 manns og mikil ánægja var meðal barna félagsmanna með ballið. Boðið var upp á veitingar en auk þess komu jólasveinar í heimsókn og gáfu nammipoka og hljómsveit spilaði undir dansi. Það er nokkuð ljóst að þessi skemmtun er komin til með að vera hluti af starfsemi sambandsins.

## I. maí kaffi

Undanfarin ár hefur verið boðið upp á kaffi og veitingar í félagsheimilinu að Stórhöfða. Sífellt fleiri hafa mætt og hefur salurinn verið setinn þrisvar til fjórum sinnum. Sett var upp barnasvæði inni í hvelvingunni þar sem orlofsútgærðin er. Að venju var allt fullt og vel á fjórða hundrað gesta. Einnig eru aðildarfélögin úti á landi þátttakendur í I. maí hátíðarhöldum í sínum sveitarfélögum.

## Fjölskylduhátíð RSÍ

Hátíðin var að venju haldin Jónsmessuhelgina 18.–20. júní. Veður var mjög gott, stillt og sólríkt. Fjölskylduhátíðin tókst virkilega vel. Dagskrá var með hefðbundnu sniði, kvennahlaup, íþróttakeppnir og golfkeppni. Skoppa og Skríttla komu og skemmtu börnum. Ingó og Veðurguðirnir spiluðu um kvöldið og hátíðinni lauk með varðeldi.

Nokkur rigning var fyrri hluta laugardags, en þá birti til og veður var frábærlega gott. Boðið var upp risatertu, gos og ávaxtasafa í tilefni af 40 ára afmæli RSÍ.

Nokkuð færri sóttu fjölskylduhátíðina nú en í fyrra. Ætla má að um 1300 manns hafi verið á svæðinu. Um 230 tjaldeiningar voru á svæðinu og mikil fjöldi í öllum húsunum. Bílastæðin voru stækkuð töluvert í vor og taka þau um 200 bíla. Þau voru full. Það var sama við hvern var talað, gríðarleg ánægja með svæðið og voru félagsmenn afar ánægðir.

## Ferð eldri félagsmanna

Það er orðin fastur liður í starfsemi RSÍ að bjóða eldri rafiðnaðarmönnum í dagsferð um nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Ferðin hefur verið gríðarlega vinsæl og margir þátttakendur. Í ár fóru um 140 manns og nú var boðið upp á ferð um Hvalfjörð. Leiðsögumenn fóru með og lýsti margslunginni sögu Hvalfjarðar. Komið var við á Bjarteyjarsandi þar sem boðið var upp á hval og Fíflavín. Síðan var farið í Hallgrímskirkju í Saurbæ þar sem hin stórmerka saga kirkjunnar var rakin og boðið upp á tónleika með Maríu Jónsdóttir söngkonu sem heillaði alla viðstadda með feikilega góðum söng. Ferðinni lauk síðan í félagsheimilinu Hlöðum þar sem boðið var upp á veitingar.

## Spennugolf 2010

Spennugolfið var haldið á Leirunni við Keflavík 25. júní 2010. Þar mætti til leiks 51 kylfingur. Leikið var í logni og blíðu og að leik loknum bauð Rafiðnaðarfélag Suðurnesja til kvöldverðar meðan úrslit voru reiknuð út.

Úrslit í höggleik:

1. Guðbjörn Ólafsson
2. Hafsteinn Þór Friðriksson
3. Einar Hafsteinnsson

Efstu menn samkvæmt Stableford:

1. Birgir Björnsson
2. Helgi Már Valdimarsson
3. Teitur Ólafur Albertsson

Undanfarin ár hefur RSÍ verið með samstarfssamning við golfvöllinn Dalbúa í Laugardal og fengið í stað þess frikort á völinn fyrir gesti í Skógarnesi og afslátt fyrir félagsmenn. Í vor var gerður sam-

starfssamningur við golfvöllinn í Hveragerði, Gufudalsvöll, og fá gestir RSÍ í Ölfusborgum frikort á völlum inn auk þess sem félagsmenn fá afslátt.

**Síðsumarsgolfmótið** var haldið á Haukadalsvelli við Geysi þann 28. ágúst 2010.

Leikið var að venju samkvæmt Texas Scramblekerfi í mjög góðu veðri. Fullbókað var í mótið.

Úrslit í þessu móti urðu:

1. Jón Sveinberg Birgisson – Guðmundur Bergsson
2. Guðbjörn Ólafsson – Sigurgeir Ólafsson
3. Gunnar Bjarnason – Jón Mar

## **Veiðikort og útilegukort.**

Skrifstofan hefur undanfarin misseri boðið upp á Útilegukortið og Veiðikortið með 25% afslætti.

Veiðikortið á kr. 9.000 og útilegukortið á kr. 4.500. Þetta er gert vegna óska starfsmanna um aukna þjónustu. Einnig er boðið upp á kort í Hvalfjarðargöngin á lægsta áskriftarverðinu. Þetta er mjög mikið nýtt af félagsmönnum.



Goðafoss í Skjálfandafljóti

## Félagstarfið

### Miðstjórn

Miðstjórn kemur saman einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina og heldur að jafnaði um 9 fundi á ári. Hún hefur haldið 38 fundi á kjörtímabilinu. Miðstjórn hittist auk þess í tengslum við Trúnaðarmannaráðstefnu og Sambandsstjórnarfund. Þess utan hittist framkvæmdastjórn þegar þörf er á, en hún nýtir mikið samskiptatæknina til þess að taka afstöðu í hinum mikla hraða sem við búum nú við. Fundargerðir og skýrslur miðstjórnar eru á heimasíðunni. Á vegum miðstjórnar starfa úthlutunarnefnd styrktarsjóðs, orlofsnefnd, laganefnd og launanefnd.

Miðstjórn fer með æðsta vald milli þinga og vinnur rekstrar- og framkvæmdaáætlanir sem lagðar eru fyrir Trúnaðarráðstefnu og Sambandsstjórn og ber ábyrgð á því að leggja fram reikninga og bókhald. Frá Hrúni hafa stjórnarmenn RSÍ í lífeyrissjóðnum auk framkvæmdastjóra verið á mörgum funda

miðstjórnar, auk allra stærri funda og félagsfunda. Þeir hafa farið yfir stöðu sjóðsins á hverjum tíma og setið fyrir svörum um fjárfestingar sjóðsins. Auk þess hafa forseti og hagfræðingur ASÍ verið á nokkrum fundum miðstjórnar, á trúnaðarráðstefnu og öðrum fundum þar sem fjallað hefur verið um stöðuna hverju sinni. Miðstjórn hefur lagt mikið upp úr að afla ítarlegra upplýsinga um aðdraganda Hrunsins og fylgjast vel með viðspyrnu gagnvart afleiðingum.

## Viðhorfskönnun á starfsemi RSÍ

Capacent var fengið til þess að gera ímyndar og þjónustukönnun fyrir sambandið í mars 2010. Úrtak var dregið úr félagaskrá, í því voru 1.000 fullgildir félagsmenn. Svarhlutfall var 60,9%, sem telst gott miðað við það sem gengur og gerist í könnunum.

85% svarenda eru fastráðnir í fullu starfi, 10% lausráðnir eða verktakar og 4,3% atvinnulausir. Þessar tölur eru í fullu samræmi við það sem þekkt er úr innheimtukerfi sambandsins. 49,6% höfðu orðið fyrir launaskerðingu á árinu. 9,8% töldu sig búa við lítið starfsöryggi.

18,1% svarenda höfðu minna nám en iðnnám. 66% höfðu lokið iðnnámi þar af 19% meistaranámi. 16% höfðu lokið meira námi þar af 9% háskólanámi. Þetta er svipað hlutfall og í fyrri könnunum og er í samræmi við félagaskrá.

Spurt var um hvort félagsmenn hefðu miklar eða litlar áhyggjur af fjárhagsstöðu heimilis síns. 14,2% sögðust hafa mjög miklar áhyggjur og 25,8% frekar miklar. 15,2% hvorki né. Frekar litlar áhyggjur sögðust 21,8% hafa, en mjög litlar 11,1%. 12% sögðust engar áhyggjur hafa. Þeir sem höfðu þurft á sérstökum úrræðum að halda vegna lána voru 20,79%.

Spurt var hvort fjölskyldan hefði dregið úr útgjöldum. Já sögðu 77,3 % og allir þeirra sögðust hafa dregið úr útgjöldum til ferðalaga. Til heimilistækjakaupa og farartækja höfðu 68,5% minnkað útgjöld. Í tómstundir og skemmtanir 64%. Til eldsneytiskaupa 58%. Til matarinnkaupa 52%. Vegna heilbrigðisþjónustu 16,5% og 9,8% sögðust ekkert hafa dregið úr útgjöldum.

Sambandið kom vel út úr spurningu um starfsemina. Þar voru 15% voru óánægðir. 63% ánægðir og 22% merktu við hvorki né. Samkvæmt nýlegri könnun sem gerð var af Miðlun yfir alla verkalýðshreyfinguna voru meðaltalstölur þar 52% ánægðir. Í þeirri könnun er RSÍ einnig með mun betri tölur en meðaltalið.

Spurt var hvort RSÍ ætti að beita sér fyrir auknu samstarfi innan verkalýðshreyfingarinnar, sveitarfélaga og ríkisins, (Stöðugleikasáttmálinn). 9,8% voru því ósammála. 77,3% voru því sammála og 12,9% hvorki né.

Spurt var hvernig RSÍ hefði staðið sig í að gæta réttinda félagsmanna. Vel sögðu 52,6%. Hvorki vel né illa 24,3% og illa sögðu 21,2%.

Spurt var hvar RSÍ ætti helst að gera úrbætur. Þar sögðu 65,7% að sambandið ætti að beita sér frekar í kjaramálum, 17,3% í fræðslumálum, 12,3% í tryggingamálum, 8,1% nefndu önnur atriði en 17% sáu enga ástæðu til þess að breyta áherslum.

Einungis 28% nýttu sér ekki það sem í boði er í starfsemi sambandsins. Flestir nýttu sér starfsemi Styrktarsjóðsins eða 52%. Næst kom starfsemi orlofssjóðs eða 42%. Námskeið Rafiðnaðarskólans og námskeiðsstyrki nýttu sér 18%. Þá voru 11% félagsmanna sem þurftu á sérstakri hjálp að halda vegna kjara- og lögfræðimála.

## Sambandsstjórnarfundur 2010

Fundurinn var haldinn á Egilsstöðum 6.–7. maí. Fór formaður yfir hvað væri efst á baugi hjá sambandinu og fjallaði um félagsstarfið á síðasta ári. Kom fram að allsstaðar hefði fundarsókn verið góð. Ræddi formaður síðan um stöðu sambandsins almennt, tekjumissinn, atvinnuleysið, sem er um 4%, og fl. Einnig gat hann þess að félagsmönnum hefði fækkað talsvert. Sumir hefðu farið í skóla en aðrir flutt til útlanda, og þá flestir til Noregs.

### Reikningar sambandsins

Gjaldkeri *Haukur Ágústsson* lagði fram og kynnti reikninga sambandsins fyrir starfsárið 2009 og fór yfir helstu niðurstöðutölur.

Fram kom, að staða sambandsins væri nokkuð góð miðað við allar ytri aðstæður en rekstrarafkoma ársins 2009 var kr. 55.563.195 sem er talsverð lækkun frá fyrra ári, sem skýrist m.a. af fækkun félagsmanna.

### Kjaramálin

*Ólafur Darri* hagfræðingur ASÍ fór yfir stöðugleikasáttmálann og kjaramálin og hver staðan væri nú. Hann sagði að gera mætti ráð fyrir meiri samdrætti í hagkerfinu en spár hefðu gert ráð fyrir. Það sé ákvörðun stjórnvalda hvaða fyrirtæki eigi að halda velli og hver ekki. Fyrirtækin sem lifa fá afskrifaðar skuldir en hin verða einfaldlega sett í gjaldþrot. Sársaukafullur niðurskurður er boðaður og samneysla mun dragast verulega saman, eða um u.þ.b. 3%. Búast má við viðsnúningi á næsta ári, þá ættu fjárfestingar að fara af stað og hjól atvinnulífsins að byrja að snúast.

Um kjaramálin sagði hann að næstu kjarasamningar yrðu eflaust erfiðir. 28 þúsund störf hefðu tapast frá hrúni. Megináhersla verði lögð á að skapa störf. Fyrir hrún hefði íslenska þjóðin verið ein af ríkustu þjóðum heims. Að lokum sagði Ólafur Darri, að við Íslendingar hefðum alla burði til að vinna okkur út úr vandanum, ef rétt væri haldið á spilunum.

## Lífeyrissjóðsmál

Haraldur Jónsson formaður stjórnar Lífeyrissjóðsins Stafa fór yfir og kynnti stefnumótun ASÍ í mállefnum lífeyrissjóðanna, en á ársfundi ASÍ í október 2009 var samþykkt ályktun um heildarendurskoðun á stefnu ASÍ í mállefnum lífeyrissjóðanna. Sú vinna skyldi fara fram með víðtækri og almennri umræðu meðal aðildarsamtaka sambandsins með það að markmiði að endurskoða stefnu ASÍ í lífeyrismálum og skilgreina helstu samningsmarkmið í viðræðum við SA. Í stefnumótunarvinnunni kom fram að skýr vilji er til þess að lífeyrissjóðskerfið grundvallist áfram á skylduaðild, samtryggingu, sjóðsöfnun og sjálfbærni kynslóðanna. Þá gera drögin ráð fyrir að séreignasparnaður verði gerður að skyldusparnaði, og með því má jafna möguleika launafólks til að flýta starfslokum.

## Staða menntasjóðs

Farið var yfir stöðu sjóðsins. Skuldabréf í eigu Rafiðnaðarsambands Íslands þar sem greiðandi er Rafiðnaðarskólinn (gamli) 1. janúar 2010 verða samkvæmt samþykkt sambandsstjórnarfundar fram- lengd til 6 ára frá og með gjalddaga þeirra með eftirfarandi skilmálum. Gjalddagi bréfanna verður 1. janúar 2016. Bréfin bera 3,5% vexti og eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Vextir og verðbætur hvers árs verða greidd í lok ársins.

## Félag símsmiða gengur í Félag ísl. rafvirkja

Eftir einkavæðingu Símans hafa sífellt fleiri símsmiðir farið út á almenna vinnumarkaðinn og starfað í vaxandi mæli við hlið rafvirkja. Unnið hefur verið að samþættingu námskrár þeirra og rafvirkja eins og að var stefnt. Þetta hefur leitt til nánara samstarfs milli félaganna. Stjórn Félags símsmiða lagði fram þá tillögu fyrir félagsmenn að félagið sameinaðist Félagi ísl. rafvirkja. Á fundi kjörstjórnar Rafiðnaðarsambands Íslands fimmtudaginn 7. apríl voru talin atkvæði úr atkvæðagreiðslu um sameiningu Félags símsmiða við Félag íslenskra rafvirkja.

Þar voru á kjörskrá 158 og greiddu 48 atkvæði eða 30,4%.

**Atkvæði féllu þannig:**

Já sögðu 40 eða 83,3 % greiddra atkvæða.

Nei sögðu 8 eða 16,7% greiddra atkvæða.

Tillagan um sameiningu Félags símsmiða við Félag íslenskra rafvirkja telst því samþykkt en hún þurfti að hljóta samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Þetta var síðan lagt fyrir aðalfund félagsins 9. apríl.

**Netkannanir RSÍ**

Á síðasta ári var netföngum félagsmanna markvisst safnað. Þegar félagsmenn hafa samband við orlofskerfið eru þeir beðnir um netföng og þar hefur myndast listi með liðlega 3.000 félaga. Þetta hefur verið nýtt til þess að senda tilkynningar til þeirra og eins til að forvitnast um skoðanir þeirra.

Í fyrstu netkönnun var spurt um hvaða megináherslur félagsmenn vildu að samninganefndir sambandsins fylgdu í komandi kjarasamningum. Ætlunin er að nýta þessa leið til þess að gefa félagsmönnum betra tækifæri til að vera þátttakendur í stefnumótun sambandsins. Könnunin var send til 2500 félagsmanna eða tæplega helmingi félaga RSÍ og um 1200 svöruðu.

Niðurstöður voru að 40% vilja langtíma kjarasamning í samfloti allra stéttarféлага og ríkisstjórnar með stöðugleika sem helsta markmið, en meirihlutinn eða 60% vilja stuttan kjarasamning og að sambandið semji sér. Margir tóku þó fram að þeir teldu ekki hægt að útiloka langtímasamning fyrr en fyrir liggi hvað sé í boði með langtímasamningi, þannig að segja má að hvorugt sjónarmiðið hafi afgerandi meirihluta stuðning.

30% vilja leggja áherslu á hækkun lægstu launa, en 70% vilja leggja áherslu á að hækka öll laun. Í athugasemdum kom mjög skýrt fram vilji til að leggja ætti alla áherslu á hækkun launa, en láta önnur kostnaðaratriði sem gætu dregið niður mögulegar launahækkanir eiga sig í þetta sinn.

Meirihluti vill frekar að áhersla sé lögð á lengingu orlofs en lengingu námsorlofs.

Umtalsverður meirihluti vill tengja kjarasamninga við annan gjaldmiðil og eru sammála þeirri skoðun sem miðstjórn sambandsins hefur ítrekað sett fram, að það sé óþolandi að stjórnámálamenn séu endurtekið að eyðileggja kjarabaráttu launamanna með því að spila á gengi krónunnar.

70% vill jöfnun réttinda í almennu og opinberu lífeyrissjóðunum. Meirihluti vill ekki hækkun eftirlaunaaldurs og hækkun greiðslu í sameign lífeyrissjóðs, en mikill meirihluti vill frekar hækka greiðslu í séreignarsjóð ef farið verður að semja um þessi atriði.

**Í næstu könnun var leitað eftir viðhorfum gagnvart skuldastöðunni. Spurt var um hvort félagsmenn teldu raunsætt að fella niður skuldir allra heimila um 18%.**

**52% sögðu já.** Gefnir voru tveir möguleikar með já svari. Það skiptist þannig að 38% sögðu já, að það væri raunsætt að fella skuldir niður, en töldu nauðsynlegt að leggja áherslu á að koma atvinnulífinu af stað. 14% sögðu já, það væri nægileg aðgerð að lækka skuldir um 18%

**48% sögðu nei.** Gefnir voru tveir möguleikar með nei svari. Það skiptist þannig að 27% vildu frekar beina öllu fjármagninu í atvinnulífið, það mundi skila meiri árangri. 21% sögðu að 18% niðurfelling breytti litlu fyrir þá sem verst væru staddir, það yrði tekið til baka í skerðingum í velferðarkerfinu og með hækkun skatta.

## **Hvað á að gera til þess að hjálpa fólki úr skuldavandanum?**

56% vildu flatan niðurskurð til allra, jafnræði ætti að gilda.

34% vildu beina þeim fjármunum sem væru til ráðstöfunar í niðurskurð hjá þeim sem hægt væri að hjálpa, en sleppa þeim hóp sem væri í vonlausri stöðu og þeim sem gætu bjargað sér.

10% vildu að ekki væri gripið til aðgerða.

## **Á að láta lífeyrissjóðina taka þátt í niðurfellingu skulda heimilanna?**

**55% sögðu nei.** Gefnir voru tveir möguleikar með já svari. Helmingur sagði að það væri ólöglegt að greiða út úr sjóðunum til annars en lífeyrisbóta eða örorkubóta. Hinn helmingurinn sagðist ekki vilja að teknir væru fjármunir úr sjóðunum til þess að greiða niður skuldir fólks.

**45% sögðu já.** Gefnir voru tveir möguleikar með já svari. Það skiptist þannig að 31% vildu að lífeyrissjóðirnir stæðu einungis undir niðurfellingum á sjóðsfélagalánum, þrátt fyrir að það myndi skerða réttindi í sjóðnum um 2%. 14% vildu að lífeyrissjóðir stæðu undir niðurfellingu á sjóðsfélagalánum og einnig lánum Íbúðarlánasjóðs, þó það myndi skerða réttindi í lífeyrissjóðnum um 10%.

Fram kom að samkvæmt könnunum ættu einungis um 50% þeirra sem væru í almennu lífeyrissjóðunum eigið húsnæði og skildu ekki hvers vegna þeir ættu að sætta sig við að sparifé þeirra væri notað til þess að greiða húsnæðisskuldir annarra.

**Ef gripið verður til samfélagslegra aðgerða til þess að fella niður skuldir heimilanna, hvaða leið myndir þú vilja að væri farin?**

59% völdu þá leið, að ef fella ætti niður lán til húsnæðiskaupa, þá ættu lífeyrissjóðirnir að taka sinn hluta en ríkið að sjá um kostnaðarhluta Íbúðalánasjóðs.

29% völdu þá leið að ef fella ætti niður lánin ættu lífeyrissjóðir að fjármagna tap Íbúðarlánasjóðs, auk sjóðsfélagalána.

12% völdu þá leið að ef fella ætti niður skuldir ætti að fjármagna það alfarið með aukaskatti í gegnum ríkissjóð.

## **Hvað af neðantöldu finnst þér lýsa best þeim samfélagslegu aðgerðum sem ætti að fara í til þess að laga stöðuna á vinnumarkaði?**

66% sögðu að klára ætti þær stóriðjuframkvæmdir sem þegar eru hafnar, setja kraft í endurnýjun og viðhald húsnæðis ríkis og sveitarfélaga, auka vegaf framkvæmdir og styðja við sprota- og hátækni fyrirtæki

20% sögðu að beina ætti kröftunum í sprota- og tækni fyrirtæki en setja stopp á stóriðjuna.

14% sögðu að fjölga ætti álverum og virkja allt sem hagkvæmt er, gera átak í sprota- og hátækni fyrirtækjum og flytja út umfram orku.

## **Félagsfundir**

Utan aðalfunda aðildarfélaga fara flestir fundir fram á vegum RSÍ vegna sameiginlegra kjarasamninga og félagslegs reksturs. Minnkandi aðsókn á fundi er staðreynd sem öll félög horfast í augu við en á síðasta ári brá svo við að fundarsókn varð margföld á við það sem áður hafði þekkt og tæplega 1000 félagsmenn sóttu fjölmarga félagsfundi á árinu. Bein samskipti félagsmanna við skrifstofuna og trúnaðarmenn eru mun meiri en áður var í gegnum netið og einnig er ekkert mál að grípa upp GSM símann og hringja og leita upplýsinga. Heimasíðan er alltaf með allar nýjustu upplýsingar. Skrifstofan fær fleiri tugi fyrirspurnar á hverri viku um tölvupóstinn og má segja að vissu leyti að yfir standi félagsfundur alla daga vikunnar yfir netið.

Umræður á fundunum voru beinskeyttar að venju, en góð og eðlileg mannleg samskipti og mikill hugur í mönnum gagnvart sínum stéttarfélögum, starfsmenntun og störfum. Fundarmenn vildu fá klára stefnu frá stjórnvöldum um hvernig við ætlum að vinna okkur upp úr þessum táradal og vildu leggja sitt af mörkum. Áfram Ísland og heilbrigðan fréttáflutning takk fyrir, kom fram. Burt með þennan endalausa og neikvæða niðurrifsspuna fjölmiðlanna. Það er kominn tími til að þeir tengist þjóðinni.

## Trúnaðarmannaráðstefnan

Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ var haldin á Hótel Selfoss 11. og 12. nóvember. Ráðstefnuna sátu tæplega 100 trúnaðarmenn frá vinnustöðum rafiðnaðarmanna í öllum landshlutum.

Aðalumfjöllunarefnið voru væntanlegir kjarasamningar og að vinna úr þeim áherslum sem félagsmenn hafa sett fram í skoðanakönnunum sem gerðar hafa verið meðal þeirra.

Fyrir lágu óskir um að öll heildarsamtök launamanna kæmu að einu samningsborði og ynnu að sameiginlegum þríhliða kjarasamningi við SA og ríkisstjórnina til þriggja ára. Einhvers konar endurnýjun Stöðugleikasáttmálans. Þetta hefur fallið í grýttan jarðveg hjá sumum og benda þeir á að stjórnvöld virðist aldrei hafa ætlað sér að standa við Stöðugleikasáttmálann. Undirritun um endurreisn landsins hafi verið sýndarmennska, einungis gerð til þess að kaupa sér frið um skamman tíma.

Rafiðnaðarmenn hafa ekki skipt um skoðun á að sú leið sem aðilar völdu með gerð Stöðugleikasáttmála hafi verið og sé rétt. En stjórnámálamenn klúðruðu því tækifæri illilega og hafa með því tafið endurreisn efnahagslífsins að óþörfu. Það getur tekið mun lengri tíma að vinna sig úr þeim vanda sem þjóðin er í en ella hefði þurft. Hér er ekki við ríkisstjórnina eina að sakast, hér er við þá sem sitja á Alþingi að sakast. Sé litið til heildarhagsmuna er langtímasamningur bestur en þá þurfa allir að starfa af heilindum og traust að ríkja milli aðila. Ef rafiðnaðarmenn eiga að koma að sameiginlegu borði, verður að taka á nokkrum atriðum og gera það með trúverðugum hætti. Tryggja verður meiri stöðugleika og tryggja kaupmátt. Launahækkanir verða að ná til allra. Bæta má stöðu þeirra lægst launuðu sérstaklega í gegnum skerðingarmörk bótakerfisins, og með frekari tekjutengingum.

### Krafa um hagvöxt.

Fyrir liggur að hægt er að tvöfalda orkuvinnslu hér á landi á næstu 10–15 árum. Orkuverð mun hækka og íslenskt samfélag getur líklega tífaldað tekjur sínar af orkusölu, fengið skatttekjur af orkusölu sem duga til þess að reka heilbrigðiskerfið.

Þeim sem vinna við gerð kjarasamninga þessa dagana er vel ljóst að eigi þau markmið að nást sem aðilar vinnumarkaðarins hafa sett sér um kaupmáttaraukningu á samningstímanum, verða fjárfestingar hér að vera yfir 300 MIA á ári hærri en þær hafa verið frá Hruni, ætlum við að ná 3% hagvexti sem er lágmark þess að það takist að laga stöðuna í ríkisbúskap og minnka atvinnuleysi. Fjárfestingar hafa verið undir þeim mörkum og hagkerfið er að dragast saman og hér ríkir vaxandi doði.

Eins og staðan er núna stefnir í 2% hagvöxt á þessu ári og jafnvel minni á næsta ári. Nú er hafin vinna við undirbúning fjárlaga næsta árs. Fyrir liggur að núverandi staða leiðir okkur í enn meiri

minnkun hagkerfisins og að fjárlagagatið stækki um 30MIA, en það mun kalla á enn meiri niðurskurð og hækkun skatta.

Eina leiðin til komast út er þessu ástandi er að auka hagvöxt, eða með öðrum orðum atvinnu og útflutning. Það þarf að skapa um 30 þús. störf á næstu árum. Ef það á að vera hægt þarf atvinnulífinu að standa til boða nægt lánsfé á ásættanlegum kjörum.

Ef það tekst að ná 2% árlegum hagvexti til ársins 2020 verða lífskjör orðin svipuð og þau voru við Hrun 2008. En atvinnuleysi verður enn svipað og það er nú og velferðarkerfið verður umtalsvert laskað.

Ef hagvöxtur verður 3,5% fram til 2020 verða lífskjör svipuð og 2008, en atvinnuleysi verður um það bil helmingi minna en það er í dag, eða um 5%, sem er samt töluvert lakara en það var 2008 og verðferðarkerfið verður í sömu stöðu og það er nú.

Það þarf 5% hagvöxt til ársins 2020 til þess að losna við atvinnuleysið, bæta lífskjör og ná velferðarkerfinu í svipaða stöðu að það var fyrir Hrun. Við náum ekki 5% hagvexti nema með því að auka orkuframleiðslu og nýta orkuna vel. Þar ættum við að huga vel að fjölnýtingu jarðvarmans, lífefnaiðnaði og framleiðslu matvæla.

### Krafa um tryggingu kaupmáttar

25% verðbólga er tilfærsla fjórðungs tekna frá launþegum og sparifjäreigendum til atvinnurekenda. Launþegar hafa eytt 3 mánuðum á ári í 60 ár í að niðurgreiða íslenskt atvinnulíf. Þriðjung starfsævi okkar eyðum við í að greiða herkostnað stjórnámálanna sem finnst það eðlilegt að tryggja lágan launakostnað með verðbólgu. Þetta ástand mun aukast enn frekar með vaxandi tengingu íslensks atvinnulífs við erlenda markaði.

**Íslenskum** launamönnum hafði tekist frá árinu 2000 fram að Hruni að ná um 13% kaupmáttaraukningu, en töpuðu henni allri við Hrunið, auk þess sem fjöldi heimila tapaði öllum sínum eignum.

**Danir** féllu ekkert í kaupmætti við efnahagshrunið og hafa bætt við sig 1% eftir 2008 og tæp 6% það sem af er þessari öld. Auk þess að halda þeir sínum eignum.

**Svíar** hafa gert betur, þeir hafa bætt við sig 2,3% eftir efnahagshrunið og 7,3% það sem af er þessari öld, og líka halda sínum eignum.

**Finnland** hefur bætt við sig 4,5% í kaupmætti frá efnahagshruninu og bætt við sig 10,8% það sem af er þessari öld.

**Noregur** er með mestu kaupmáttaraukninguna af Norðurlöndunum eða 12,5% það sem af er þessari öld, þar af 2,9% frá árinu 2007.

Meðaltal kaupmáttaraukningar í Evrópu það sem af er þessari öld er 12,7%, þar af 2,7% eftir efna-  
hagshrunið. **Heimild:** Alþjóðavinnuálagstofnunin (ILO) árið 2010.

## Mismunur lífeyrisréttinda og samþætting við almannatryggingakerfið

Enn er óleyst hin gríðarlega mismunun á lífeyrismálum launamanna á almennum markaði og tiltekins  
hóps launamanna hjá hinu opinbera, þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar stjórnvalda við gerð kjarasamn-  
inga allt frá árinu 1996. Starfsmenn ríkisins og sveitarfélaga sem aðild eiga að opinberu félögunum eiga  
aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) sem starfar skv. lögum #1/1997. Starfsmenn  
ríkisins og annað launafólk sem aðild eiga að almennu félögunum eiga aðild að lífeyrissjóðum aðildar-  
félaga sinna (almennu lífeyrissjóðunum). Sá munur sem er á lífeyrisréttindum launafólks sem er í al-  
mennu stéttarfélögunum og þeirra sem tilheyra hinum opinberu er talsverður.

Annars vegar er mismununin fólgin í því að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) er fast-  
réttindasjóður, þ.e. lofað er í lögum tilteknum og fastákveðnum réttindum og ef sjóðurinn á ekki fyrir  
þessum réttindum þá greiðir launagreiðandi það sem á vantar. Almennu lífeyrissjóðirnir eru hins vegar  
fastiðgjaldasjóðir. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að iðgjald sjóðfélaga til sjóðsins ásamt mót-  
framlagi atvinnurekenda dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins skal stjórn sjóðsins skerða  
réttindi.

Samræming lífeyrisréttinda hefur verið áberandi í umræðu á félagsfundum innan RSÍ. Óþol hefur farið  
vaxandi vegna þess óréttlætis sem ríkir annars vegar á milli þeirra launamanna sem eru í samtökum opin-  
berra starfsmanna og hins vegar þeirra sem starfa hjá hinu opinbera en eru félagsmenn í aðildarfélögunum  
ASÍ, ásamt þeim mikla fjölda launamanna sem starfa á almennum vinnumarkaði. Lífeyriskerfi opinberra  
starfsmanna er ekki sjálfbært og hefur safnast þar upp um 500 milljarða króna halli sem ríki og sveitarfélög  
eru í ábyrgð fyrir. Iðgjöld duga ekki fyrir þeim skuldbindingum sem sjóðirnir lofa. Þessi vandi heldur áfram  
að vaxa og er nú að verða óviðráðanlegur. Þessi staða er tilkomin sökum þess að sveitarfélögin og hið op-  
inbera hafa ekki skilað iðgjöldum. Það þarf því annað hvort að hækka iðgjöld eða skerða réttindi.

Af hálfu opinberra starfsmanna hefur jafnan verið lögð áhersla á að verja áunnin réttindi sín og að  
réttindi á almennum vinnumarkaði verði hækkuð til jafns við opinbera vinnumarkaðinn. Samstaða hefur  
verið um það meðal allra stéttarfélaganna að allt lífeyriskerfið verði sjálfbært, þannig að hver kynslóð  
standi undir sínum réttindum, en hvíli ekki á bakábyrgð launagreiðanda. Félagmenn aðildarfélaganna RSÍ  
hafa fallist á þessa kröfu, en þeir hafa einnig vakið athygli á því að aðilar verði að gera sér grein fyrir  
því að það muni leggja gríðarlegar byrðar á ríki og sveitarfélög sem fyrirfram er vitað að muni leiða til

niðurskurðar á þjónustu og uppsagna opinberra starfsmanna. Launamenn á almennum vinnumarkaði telja sig hafa skoðun á því í hvað fjármunum ríkis og sveitarfélaga verði varið í framtíðinni.

Launamenn í aðildarfélögum innan ASÍ hafa við samningsgerð í vetur sett fram kröfur um jöfnun lífeyrisréttinda. Ekki að réttindi annarra launamanna verði færð niður. SA hefur, eftir framkomnar kröfur, farið fram á að fá upplýsingar um áform stjórnvalda varðandi lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Ef ætlunin er að jafna lífeyrisréttindi almenns launafólks að réttindum opinberra starfsmanna, er mikilvægt að fá upplýsingar um áform stjórnvalda og sveitarfélaga í lífeyrisréttindum sinna starfsmanna. Þetta hefur komið fram í viðræðum við stjórnvöld.

Á almennum vinnumarkaði eru iðgjöld launamanna og launagreiðenda til lífeyrissjóða samtals 12% af heildarlaunum, en 15,5% hjá ríkinu og 16,0% hjá sveitarfélögum. Samkvæmt lögum er miðað við að sjóðir á almennum vinnumarkaði tryggji að lágmarki 56% meðalævitekna á mánuði í mánaðarlegan lífeyri en samsvarandi hlutfall er 76% hjá hinu opinbera. Lífeyrisaldur á almennum vinnumarkaði er nú 67 ár en 65 ár hjá opinberum starfsmönnum. Þennan mun vilja launamenn á almennum markaði jafna og búa við sams konar kjör og aðrir, það er, að hægt sé að sækja skerðingar í ríkissjóð.

Á almennum vinnumarkaði er kerfinu gert að vera sjálfbært og að iðgjöld og ávöxtun þeirra standi undir lífeyrisréttindum, en aftur á móti er það ríki og sveitarfélög sem ábyrgjast tiltekin réttindi í sjóðum opinberra starfsmanna. Þar hefur safnast upp verulegur halli og voru lífeyrisloforð umfram eignir í B-deild LSR (og LH) í árslok 2009 um 392 milljarðar króna og í sjóðum sveitarfélaganna um 43 milljarðar.

Halli B-deildarinnar hefur vaxið hratt á liðnum árum einkum vegna hinnar s.k. eftirmannsreglu og viðmiðunar við dagvinnulaun opinberra starfsmanna í stað vísitölu neysluverðs. Skuldir deildarinnar halda áfram að vaxa og að lokum er reikningurinn sendur til skattgreiðenda í framtíðinni. Almennu lífeyrissjóðirnir verða hins vegar að mæta þessu með skerðingu lífeyrisréttinda sjóðfélaga. Þetta birtist okkur vel við Hrunið þegar almennu lífeyrissjóðirnir þurftu lögum samkvæmt að skerða réttindi lífeyrisþega sinna umtalsvert til að rétta stöðu sjóðanna af en á sama tíma stóðu réttindi tiltekinna opinberra starfsmanna óbreytt og tryggð með skattpeningum almennings.

Meginmarkmiðið sem unnið er eftir við endurnýjun kjarasamninga þessa dagana er að allir lífeyrissjóðir starfi á sjálfbærum grunni líkt og sjóðir á almennum vinnumarkaði. Þess verði freistað að standa vörð um þegar áunninn réttindi, en stöðva verði áframhaldandi skuldaaukningu lífeyrissjóða opinberra starfsmanna þannig að reikningurinn á skattborgara framtíðarinnar hætti að vaxa. Réttur opinberra starfsmanna til lífeyris í A-deild miðist líkt og á almenna vinnumarkaðnum við 67 ár í stað 65 til að jafna halla sjóðsins. Ríkisábyrgð á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna verði afnumin.

## Kröfugerð Rafiðnaðarsambands Íslands í almennum samningnum desember 2010

- Reynt verði til hlítar að skoða hvort grundvöllur sé fyrir langtímasamning, annars verði gerður kjarasamningur til 6 – 12 mán.
- Tryggja endurheimtingu kaupmáttar og vaxandi atvinnu.
- Tryggja verður að launahækkanir nái til allra.
- Launatafla verði endurnúmeruð.
- Bætt skilgreining á yfirvinnu og vöktum.
- Teknar verði upp viðræður um einhliða ákvarðanir SA um upptöku almenna samnings RSÍ/SART við fyrirtæki og stofnanir utan SART í stað sérsamninga á miðjum samningstíma og rof á friðhelgi.
- Ræða þurfi skilgreiningu náms í launatöflum, á vaktakafli og fleiru.
- Lendi frídagur á löghelgum dögum komi frí í stað þess næsta mánudag.
- Aðfangadagur verði frídagur launamanna.
- RSÍ stendur með sameiginlegum kröfum sem samstarfsnefnd iðnfélaga hefur unnið.
- Þar ber hæst átak gegn svartri vinnu og kennitölulflakki.
- RSÍ stendur með sameiginlegum kröfum sem samstarfsnefnd ASÍ hefur unnið.
- Þar ber hæst jöfnun lífeyrisréttinda á næstu 4 – 6 árum.
- Breytingu á ákvæðum um 12 frídaga vegna veikinda barna undir 13 ára, í rétt vegna veikinda og aðhlynningar í fjölskyldu.

## Ályktun um efnahagsmál

Þeir stjórnsmálamenn sem voru við völd þegar gengi krónunnar féll fyrir þjörg og Seðlabankinn varð gjaldþrota, telja nú lægstu laun til skammar fyrir verkalýðshreyfinguna og reyna að koma öllum sökum á hana. Með þessum málflutningi opinbera þeir fávísku sínu um hagstjórn eða hversu skrumskældan málflutningur þeir hafa tamið sér, nema hvort tveggja sé. Kaupmáttur hefur ekki hrapað vegna lakra kjarasamninga, heldur vegna rangrar efnahagsstjórnar. Enn einu sinni nýta ráðamenn krónuna til þess að leiðrétta eigin efnahagsmistök með skelfilegum afleiðingum fyrir almenning og stórkostlegum eignatilfærslum til hinna efnameiri.

Samtök launamanna hafa á undanförunum áratugum ítrekað þurft að grípa til varna vegna skerðingar stjórnvalda á bótum almannatrygginga. Nú halda sömu stjórnsmálamenn því fram að þessar bætur séu allt of lágar. Sömu stjórnsmálamenn og sviku umsamda hækkan persónuafsláttar um síðustu áramót, telja nú að verkalýðshreyfingin hafi ekki staðið sig í að verja kjör hinna lægst launuðu.

Þjóðmálaumræða einkennist þannig af lýðskrumi, upphrópunum, sleggjudómum og falsi. Umræðan á Alþingi af aulabröndurum, útúrslúningum og átakastjórnámum. Samtök launamanna gengu fram fyrir skjöldu við Hrun og lýstu yfir vilja til þess að ganga með stjórnvöldum og öllum aðilum vinnu- markaðarins til lausnar á þeim vanda sem við blasti. Hingað til hafa stjórnvöld sniðgengið samtök launamanna. Alltaf og alls staðar í öllum málum fela stjórnámamenn getuleysi sitt bak við skrumið. Yfirlýsingar stjórnvalda um endurreisn atvinnulífsins í Stöðugleikasáttmálanum voru sýndarmennska og virðist aldrei hafa staðið til að standa við hann. Það skortir samráð innan ríkisstjórnarinnar, milli ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar og milli ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins.

Nú eru hafnar viðræður um endurnýjun kjarasamninga. Kröfur um launahækkanir eru háværar, auk þess að verkalýðshreyfingin grípi til víðtækra afskipta af stjórnarháttum til þess að verja hagsmuni launamanna. Kröfur eru um að gripið verði til harkalegra aðgerða til þess að hrekja stjórnámamenn upp úr skotgröfunum til raunverulegra aðgerða. Þjóðarsátt verður ekki gerð nema með aðkomu launa- fólks og verður ekki gerð með innistæðulausum yfirlýsingum og skrumskældum veruleika.

Trúnaðarmannaráðstefna Rafiðnaðarsambandsins telur að verkalýðshreyfingin eigi að krefjast endurskoðunar á lögum um vinnustöðvanir og fá þar inn sambærileg ákvæði og tíðkast í nágrennalöndum okkar um pólitíska mótstöðu, ef stjórnvöld eru að keyra í gegn veigamikil mál sem snerta hagsmuni launamanna. Verkalýðshreyfingin hefur einbeitt sér að fagpólitík án stjórnámátengsla, en hefur ekki náð ásættanlegum árangri í deilum í mikilvægum málaflokkum.

## Ályktun um lífeyrismál

Stjórnámamenn hafa skipt þjóðinni í tvær fylkingar í lífeyrismálum og líta á það sem óhjákvæmilegt hundsbit sem almennir launamenn verði að sætta sig við þó sparifé þeirra í lífeyrissjóðum skerðist vegna ráðslags stjórnámamanna. Málið tekur síðan á sig allt aðra mynd í hugum þeirra ef gengið er á rétt tiltekinna starfsmanna ríkisins, þá verður það brot á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Þessi mismunum er óþolandi og hana verður að stöðva.

Trúnaðarmannaráðstefna Rafiðnaðarsambands Íslands krefst þess að B-deild lífeyrissjóðs tiltekinna opinberra starfsmanna verði nú þegar lokað fyrir inngreiðslum og sjóðfélögum þeirrar deildar gert að greiða til A-deildar. Afnema verður þau sérkjör í lífeyrisréttindum sem alþingismenn og ráðherrar hafa tekið sér og að þeir njóti sömu réttinda og aðrir ríkisstarfsmenn í A-deild.

Mótframlag ríkisins í A-deild fylgi framlagi launagreiðenda á almennum vinnumarkaði og taki breytingum í takt við það. Ríkisábyrgð heyrir alfarið sögunni til. Ríkissjóði á að vera óheimilt að draga

greiðslu iðgjalda til LSR. Það er siðferðilega rangt að skammsýnir stjórnámálemenn taki með þessum hætti lán sem þeir ætla börnum okkar að greiða.

## Ályktun um gjaldmiðilsmál

Á trúnaðarmannaráðstefnu Rafiðnaðarsambands Íslands 11. – 12. nóv 2010 var samþykkt eftirfarandi ályktun um gjaldmiðilsmál.

Fjármálaráðherra, handhafi eina hlutabréfs Landsvirkjunar, fagnaði því á haustfundi fyrirtækisins að það stóð af sér Hrunið, geti staðið við skuldbindingar sínar og farið að greiða skatta til samfélagsins. Þessi staða er á grundvelli þess að fyrirtækið er gert upp í dollurum. Svo er komið að öll helstu fyrirtæki landsins í iðnaði og hátækni ásamt útgerðinni gera allt sitt upp í evrum eða dollurum svo þau lifi af sveiflur krónunnar og hafi aðgang að erlendri fjármögnun.

Í nýlegu viðtali Seðlabankastjóra Íslands við fréttastöðina Bloomberg eftir fund fjölmargra seðlabankastjóra í Basel, var hann spurður að því hvers vegna svona hægt gengi á Íslandi að koma hjólum atvinnulífsins í gang og leysa skuldavanda heimilanna. Svar hans var að það væri vegna þess að á Íslandi væru óábyrgir stjórnámálemenn sem hefðu lofað almenningi almennri lausn sem engar forsendur væru fyrir. Það hefði orðið til þess að allir væru að bíða eftir þessari lausn, sem hafi leitt til kyrrstöðu og aukið vandann. Þegar átti að leysa vandann með því að taka út 160 MIA af sparifé launamanna í almennu lífeyrissjóðunum hafi það verið stöðvað af sjóðsfélögum.

Staðreyndin blasir við hinum íslenska almenna launamanni í þessum viðhorfum stjórnámálemanna og ráðherra. Almennung er gert að búa við krónuna, hann á að una því að stjórnámálemenn geti tekið sparifé launamanna bótalaust úr lífeyrissjóðum og nýtt það til uppgjors á skuldum annarra, auk þess að fá þar framkvæmdafé til gæluverkefna á neikvæðum vöxtum.

Þrátt fyrir efnahagslegt hrun, eignaupptöku frá hinum almenna launamanni og kaupmáttarhrap virðist ekkert hafa breyst í þessu landi í viðhorfum sérréttinda- og valdastéttarinnar gagnvart hinum almenna launamanni. Hann stendur á sama stað, þó að hjúalög hafi verið afnumin fyrir eitt hundrað árum ásamt því að almenningi er gert að búa við sömu stöðu og var þegar fyrirtækin prentuðu eigin peningaseðla, sem einungis var hægt að nota sem skiptimynt í verslunum sem þau sjálf áttu.

Loforð stjórnvalda um úrbætur í gjaldmiðilsmálum og breyttum stjórnarháttum hvað varðar efnahagsmál voru helstu forsendur þess að rafiðnaðarmenn samþykktu á sínum tíma Stöðugleikasáttmálan. Engin trúnaður er nú milli aðila, ef rafiðnaðarmenn eiga að verða þátttakendur í sameiginlegum kjarasamningum verða stjórnvöld að breyta fyrri háttum og standa við ákvæði samninga.

## Orka til breytinga

Grundvallarmarkmið orkustefnu er að sjá til þess að orkuþörf samfélagsins sé mætt með öruggum og skilvirkum hætti. Þar er átt við að næg orka, á viðeigandi og fjölbreyttu formi, sé jafnan fyrir hendi til að mæta þörfum heimila, grunnþjónustu og almenns atvinnulífs, hvort sem er í eðlilegu árferði eða við óvenjulegar aðstæður sem skapast kunna af völdum manna eða náttúru.

Markmiðið með sjálfbærri þróun er að hver kynslóð skili orkulindum náttúrunnar jafn sterkum til næstu kynslóðar. Þegar rætt hefur verið um endurnýjanlegar auðlindir (sjálfbærar) hér á landi er oft talað um gufuaflíð, eða varmaflæði úr iðrum jarðar til yfirborðs. Gufuhitasvæði á Íslandi eru talin geta gefið um 3.600 – 4.200 MW af rafafli í 50 ár, ef þau væru í fullri nýtingu. Ferlið er í grófum dráttum þannig að með borholu er gufu og heitu vatni, sem hefur myndast á heitu bergi í iðrum jarðar, hleypt upp á yfirborð og í stað þess kemur kalt vatn og kællir bergið niður.

Rannsóknir sýna að það taki nokkrar aldir að ná sama hita í bergið aftur. Þetta hefur verið þekkt um alllangt skeið t.d. í jarðvarmavirkjunum í USA og víðar og hefur komið fram hér á landi. Einhverra hluta vegna hefur þessi umræða ekki náð nema að takmörkuðu leyti til stjórnmalamanna. Þeir hafa farið um héruð landsins og lofað stóriðju í hvern fjörð, alla vega í hvern landsfjórðung, orka landsins sé óþrjótandi.

Það er ekki hægt annað en velta fyrir sér orkupælingunum á Suðurnesjum. Satt að segja virðist þar ríkja miklar efasemdir um hvernig HS ætli að útvega alla þá orku sem þarf til Helgúvíkur og í önnur verkefni, þegar jarðfræðingar benda á að allt bendi til þess að svæðið sé nú þegar ofnýtt.

Talið er að álbræðslan í Helgúvík þurfi um 450 MW sem er um 150 MW minna en áður var áætlað, en í upphafi var fullyrt að næg orka væri fyrirleggjandi til að reisa álbræðslu sem þyrfti um 600 MW. HS Orka er sögð munu útvega 250 MW, Orkuveita Reykjavíkur 120–140 MW og Landsvirkjun hefur sett fram loforð um 60–80 MW.

HS Orka ætlar að stækka Reykjanesvirkjun um 80 MW en flest bendir til að svæðið sé nú þegar ofnýtt enda hefur Orkustofnun ekki séð sér fært að veita leyfi fyrir stækkuninni. Þá hyggst HS Orka reisa 50 MW virkjun í Eldvörpum en þau eru hluti jarðhitasvæðisins í Svartsengi. Því er haldið fram að svæðið sé þegar fullnýtt. Um 130 MW eiga síðan að koma frá Krýsuvíkursvæðinu en tvær djúpar holur við Trölladyngju hafa gefið neikvæða niðurstöðu. Aðrir hlutar svæðisins virðast hafa svipaða eiginleika en þar hefur ekki verið borað sl. 40 ár.

Í þessu sambandi verða menn að velta fyrir þjóðhagslegum hagnaði, fjölda starfa, skatttekjum og samfélagslegri uppbyggingu. T.d. er ekki hægt að sjá að útflutningur raforku myndi skila miklu í íslenskt

samfélag. Kostnaður við uppbyggingu stórra orkuvera, samtenging þeirra og eldri orkuvera og lagning langs sæstrengs til markaðssvæðis kallar á orkuverð sem er hærra en fæst í sölu.

## Félagsfundir

18. janúar var haldinn félagsfundur á Akureyri. Metmæting var á fundinn, eða um þriðjungur rafiðnaðarmanna á svæðinu. 19. jan. var haldinn félagsfundur í Reykjavík og um 150 manns mættu. 19. jan. var haldinn félagsfundur á Egilsstöðum. 20. jan. var haldinn félagsfundur á Selfoss. 24. jan. var haldinn félagsfundur í Reykjanesbæ. 24. jan var fundur á Akranesi með þrýðilegri þátttöku. 27. jan. var haldinn fjölmennasti félagsfundur sem haldinn hefur verið á Sauðárkróki. Fjallað var um hver þróun viðræðna hefði verið við undirbúning kjarasamninga fram að útspili SA/LÍÚ um að stoppa allar viðræður þar til niðurstaða um kvótamál næst, sem að mati LÍÚ sé ásættanleg. Fram kom af hálfu fundarmanna að það blasi við öllum hvort sé markmið LÍÚ og þeim takist með því að þvinga ríkisstjórnina að ná fram endanlegu markmiði sínu að halda kvótanum í höndum örfárna. Með þessu er verið að valda launamönnum gríðarlegum skaða, kjarasamningar dragast, uppbygging atvinnulífs seinkar og atvinnuleysi vex í stað þess að minnka.

Farið var yfir stöðuna í kjaraviðræðum og hvaða valkostir væru í stöðunni. Mikið var rætt um launahækkanir, kaupmátt og verðbólgu. Hækkun lægstu taxta og svo almennra launa. Fram kom að helstævon um bættan kaupmátt væri að koma atvinnulífinu af stað. Niðurstaða fundanna var að það væri ábyrgðarleysi að kanna ekki til hlítar hvað launamönnum stæði til boða með samstarfi á vinnumarkaði, ekki væri hægt að hafna einhverju sem ekki væri þekkt. En herða verði á framgangi mála og fá sem fyrst niðurstöður í þessar viðræður þannig að hægt sé að taka til við viðræður um sératriði hópanna.

Áberandi var í umræðunni vantrú á því að það tækist að tryggja kaupmátt til langs tíma. Ekki á meðan við hefðum óbreyttan gjaldmiðil sem væri ítrekað nýttur til þess að færa rekstrartap og mistök í efnahagsstjórn yfir á launamenn. Væri litið til baka væri erfitt að treysta stjórnámálamönnum hvað varðar efnahagsstjórnun. Undanfarin misseri hefði ríkt kyrrstaða sem er afleiðing af þrefi stjórnámalanna um alla skapaða hluti. Hagkerfið er keyrt áfram af einkaneyslu en engin fjárfesting er í gangi. Það getur ekki leitt til annars en vaxandi erfiðleika. Skuldsetning samfélagsins er í lagi ef hún fer í fjárfestingar sem koma til með að skila arði.

Starfsmenn fyrirtækja eru í samkeppni við bankana um þá lausu peninga sem eru í fyrirtækjunum. Bankarnir nýta sér stöðu sína og hrifsa allt lausafé út úr fyrirtækjunum áður en rætt er við starfsmenn og um laun þeirra. Eigendur fyrirtækjanna eru að greiða sér arð jafnvel þó eiginfjárstaða sé neikvæð og það er

ólöglegt. Eitt meginverkefnið í yfirstandandi kjarasamningum er að taka á siðferðinu í atvinnulífinu. Launamenn eru oftast algjörlega hlunnfarnir og fjármagnseigendur sitja að kjötkötlunum.

Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins Stafa var á flestum fundanna og voru miklar umræður um mál lífeyrissjóðanna og aðkomu þeirra að málum. Upp úr þessu spunnust svo umræður um þann gríðarlega mismun sem væri á því umhverfi sem almennu lífeyrissjóðunum væri búið samanborið við það umhverfi sem lífeyrissjóður opinberra starfsmanna býr við. Oft væri ekki hægt annað en velta fyrir sér, þegar litið væri til ummæla ráðherra og sveitarstjórnarmanna, að þeir teldu að allt lífeyriskerfið byggi við sömu kosti og LSR, það er, að þurfa ekki að hafa áhyggjur af arðsemi og ávöxtun, það sem upp á vantaði til þess að standa við skuldbindingar yrði bara sótt í ríkissjóð.

Ef ætlast er til að lífeyrissjóðir geti staðið við skuldbindingar sínar og tryggt lífeyri allan lífaldur sjóðsfélaga þá þarf að líta til þriggja þátta.

**a) Lífeyrisaldur.** Margar þjóðir eru að hækka aldurinn úr 60–65 upp í 67 ára til þess að mæta hækkanandi meðalaldri.

**b) Iðgjald.** Margar þjóðir hafa verið að hækka iðgjald og er það sumstaðar komið í 16 – 18%. Bent er á að iðgjald hins opinbera í LSR er hærra en í almennu sjóðunum. Vilja launamenn láta af hendi þá launahækkun sem í boði er til þess að hækka iðgjaldið?

**c) Ávöxtun sjóðanna.** Ef ávöxtunarkrafa er lækkuð eins og rætt hefur verið um verður að skerða lífeyrisrétt þeirra sem nú eru á bótum umtalsvert strax, það er að segja í almennu sjóðunum, ekki hinum opinbera, það væri bara sótt í ríkissjóð. Það liggur fyrir að ef lífeyrissjóðirnir eiga að hafa möguleika til þess að ávaxta hina miklu fjármuni sem þar eru, þá verða þeir að geta fjárfest erlendis. Það eru ekki nægilega góðir fjárfestingarkostir fyrir hendi á Íslandi. Auk þess má velta fyrir sér hversu örugg fjárfesting það er ef nánast allar fjárfestingar eru í bréfum með ábyrgð íslenska ríkisins. Hversu öruggt er það?

Rætt var um verðtryggingu og ávöxtun lífeyrissjóða, stjórnarkjör í lífeyrissjóði, þátttöku lífeyrissjóða í framkvæmdum, auk dómsdagsspádóma um lífeyrissjóði hjá gestum í Silfri Egils. Fram kom að horfa verði á dæmið í heild. Á sama tíma og menn væru að gagnrýna ávöxtun sjóðanna, háa vexti og verðtryggingu, væri verið að gagnrýna skerðingu réttinda í almennu sjóðunum. Menn verði að átta sig á því að það er ekki hægt að sækja skerta ávöxtun í ríkissjóð eins gert væri á lífeyrissjóðum tiltekins hóps ríkisstarfsmanna. Ljóst sé að helsta vandamál íslenska lífeyriskerfisins sé að það sé bundið með of mikið af sínum fjárfestingum hér á landi, kerfið sé of stórt fyrir það.

Það gangi ekki upp að krefjast þess að lífeyrissjóðir fjárfesti í framkvæmdum hins opinbera á lágum vöxtum eða í bréfum sem ekki eru tryggð á meðan verið er að gera kröfur um að ekki sé skert. Þetta

hangir saman. Sama eigi við um lánsfé til langs tíma. Það sé ekki hægt að afnema verðtryggingu og halda föstum vöxtum, það leiði til þess að enginn verði til þess að setja fjármagn í langtímalán. Ef þannig kerfi á að ganga upp miðað við sveiflukennða krónu, þá verður að sækja það sem upp á vantaði í ríkissjóð til þess að standa undir því að tryggja sjóðsfélögum 60% af meðallaunum út lífaldur sem væri í dag tæplega 80 ár. Þær upphæðir næmu milljörðum króna. Hin leiðin væri að hækka iðgjald. Samkvæmt nýlegum útreikningum mætti ætla að hækka þyrfti iðgjaldið um 5% sem þýddi að menn fengju ekki launahækkun á næstunni, hún myndi renna beint í lífeyrissjóðina.

## Formannafundur aðildarfélaga ASÍ

Formannafundir aðildarfélaga ASÍ hafa verið haldnir reglulega eftir Hrun. 18. september var haldinn fundur þar sem mættu um 60 formenn. Fundirnir eru áhrifamesta valdið milli ársfunda. Fram kom að flest aðildarfélögin eru byrjuð undirbúning kjaraviðræðna en reikna með að vinna verði komin á fullan snúning upp úr miðjum október. Flestir sem tóku til máls voru sammála um að ef það ætti að takast að ná tókum á þeim vanda sem nú væri uppi í íslensku samfélagi þyrfti að koma til víðtækt samstarf aðila vinnumarkaðs, sveitarfélaga og hins opinbera. En reynsla undanfarinna missera af samstarfi væri með þeim hætti að margir væru efins að það þjónaði nokkrum tilgangi að stefna á samstarf.

Sömu menn væru stöðugt í fjölmiðlum og finni samstarfi allt til foráttu og beri þungar sakir á félagi sína, kölluðu þá svikara við launamenn sem hefðu haft af þeim launahækkunir og fleira í þeim dúr. Þessir einstaklingar hefðu átt greiðan aðgang að fjölmiðlum og hefðu verið með einstaklega ómaklegan málf lutning og hefðu skaðað stöðu samtaka launamanna umtalsvert. Þessir einstaklingar voru ákaft hvattir til þess á formannafundinum að ganga óháðir til samninga. Enginn ætlaði sér að standa í vegi þeirra við að semja við fyrirtæki og sveitarfélög um tuga prósentu launahækkunir eins og þeir héldu fram að væri mögulegt.

Fram kom hjá forsvarsmönnum iðnaðarmanna að þeir væru byrjaðir á undirbúningi samstarfs um nokkur mál og það væri einnig ljóst á þeirra bæjum að iðnaðarmannafélögin hefðu gefið mjög mikið eftir af sínum hlut í launakostnaðarauka síðustu samninga. Það hefði leitt til þess að mun meira svigrúm var til þess að hækka lægstu laun. Nú væri svo komið að innan þessara félaga væru hópar sem hefðu fengið sáralitlar launahækkunir í mörg ár, mun minni en aðrir, og þeir gerðu kröfu um að fá allan sinn hluta í umsömdum launahækkunum.

Sú umræða er ofarlega á fundum innan stéttarfélagi að það þjónaði ekki miklum tilgangi að semja til langframa með krónuna sem ráðandi afl um afdrif kaupmáttar. Þar væru stjórnámálmennt einir við

stýrið. Ef stjórnvöld ætluðu að halda úti krónunni myndi það kalla á digran gjaldeyrisvarasjóð með gríðarlegum vaxtakostnaði og það tæki til sín mikinn hluta af tekjum ríkissjóðs sem ylli því að ríkissjóður væri í lakari stöðu til þess að styðja við velferðarkerfið. Ef ræða ætti langtímasamning þyrfti að liggja ljóst fyrir hvaða stefna yrði í gjaldmiðilsmálum. Iðnaðarmenn ætluðu að hoppa yfir lækinn þegar þeir kæmu að honum, ekki að standa úti á miðju túni hoppandi víðsfjarri læknum, nóg væri komið af slíku tilgangsleysi.

Auk framantalins var minnt á þær kröfur sem settar hafa verið fram um að óréttlæti í lífeyrismálum hér á landi verði leiðrétt. Tekið verði á kennitölulakki og ábyrgð aðalverktaka á undirverktökum. Efla verði starfsmenntakerfið enn frekar.

## Erlent samstarf

RSÍ er aðili að Norræna Rafiðnaðarsambandinu (NEF), Norræna byggingarsambandinu (NBTF) sem er aðili að því evrópska og Alþjóða sambandi byggingarmanna. Auk þess er RSÍ aðili að samtökum norrænna símamanna og um leið alþjóðasamtökum þeirra og fleiri starfsgreina (UNI).

## Þing norska rafiðnaðarsambandsins

Þing norska rafiðnaðarsambandsins var haldið í Osló, 10–14. mars. Þingið sátu um 350 manns. Sambandið stendur ákaflega vel. Á meðan önnur sambönd horfa upp á fækkun félagsmanna er fjölgun hjá þeim, félagsmenn eru um 37 þúsund þar af eru 28 þús. virkir, um 9 þús. eru annað hvort í námi eða eldri félagsmenn sem viðhalda réttindum sínum. Atvinnuleysi er lítið meðal rafiðnaðarmanna í Noregi og töluverður fjöldi erlendra launamanna starfa í Noregi. Um 1.000 rafiðnaðarmenn, flestir frá Svíþjóð. Þeir hafa eins og aðrar þjóðir orðið varir við efnahagskreppuna en ekki í sama mæli og t.d. Ísland, engar stökkbreytingar á gjaldmiðli, skuldum heimila og fallandi kaupmætti.

Yfirskrift þings norska rafiðnaðarsambandsins var „Orka til breytinga“. Hér er vísað til orkusparnaðar og betri nýtingar endurnýjanlegrar orku. Mikið var fjallað um loftslagsbreytingar og hvað sé hægt að gera til þess að minnka óheppilega losun í lofthjúp jarðarinnar. Lönd velmegunar eins og Noregur eru að nýta of mikið af því sem jörðin getur gefið, umgegni okkar kynslóðar hefur haft mikil áhrif á lofthjúp jarðar sem veldur margs konar breytingum á umhverfinu, eins og t.d. veðurfarinu. Athafnir okkar valda því að auðlindir munu sumar hverjar tæmast innan fárra ára og verð á orku hækkar og mun hækka enn meira á næstu árum. Það mun hafa mikil áhrif á kaupmátt og ráðstöfunartekjur og um leið verða til þess að við verðum að breyta mörgu í lífsháttum okkar.

Núverandi kynslóð verður að stefna á aukna nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, vindorku, sólarorku, orku í straumum hafsins. Norskir launamenn hafna núverandi stöðu þar sem verið er að selja orku til annarra þjóða á verði sem er lægra en þeim stendur sjálfum til boða. Þeir eru að niðurgreiða orku annarra þjóða. Samfara þessu verður að endurskoða fyrri ákvarðanir hvað varðar vatnsorkuna og dreifikerfin. Fyrir liggur að á næstu árum á að minnka orkunotkun á óendurnýjanlegum orkugjöfum um 20%. Til að ná þessu verður að auka notkun rafbíla gríðarlega auk margra annarra þátta sem leiða til minni orkunotkunar, t.d. skipta um lýsingarkerfi og taka út glóperuna.

Vatn er ein verðmætasta auðlindin og norska rafiðnaðarsambandið krefst þess að settar verði mun hertari reglur um uppistöðulón sem geyma ferskt vatn. Sala á orku til annarra þjóða hefur leitt til þess að á mestu orkunýtingartímabilum vetrarins er verið að nýta of mikið af uppistöðulónunum sem veldur því að þau eru stundum í hættulega lágri stöðu þegar líður á sumarið. Við þessu verður að bregðast. Þetta hefur einnig mikil áhrif á náttúruna og aðrar vatnsmiðlanir.

Einkavæðing orkufyrirtækja og dreifikerfa hefur leitt til þess að rekstraröryggi hefur minnkað mikið. Arðsemiskröfur fjárfesta hafa leitt til þess að endurnýjun og uppbygging dreifikerfa hefur ekki verið nægileg og það er að koma fram núna. Viðhaldsflokkum hefur verið fækkað og nú eru orkunotendur í dreifðum byggðum að upplifa það æ oftar að dreifikerfin detta út og oft í langan tíma. Norska rafiðnaðarsambandið gekk langt í gagnrýni sinni á einkavæðingu í raforkukerfinu árin upp úr 1990 og nú er að koma í ljós að það hafði rétt fyrir sér. Hér má minna á nákvæmlega sömu gagnrýni RSÍ á sínum tíma.


## Ársfundur NBTF Helsingfors 23. nóvember 2010

Á þemadegi fundarins var aðalefnið starfsmenntun í atvinnulífinu og þar var aðalefnið starfsmenntun Rafiðnaðarsambandsins. Undanfarna áratugi hefur efnahagsstjórn öfgakenndrar frjálshyggju verið ráðandi í heiminum með skelfilegum afleiðingum fyrir almenning. Nú er svo komið að á öllum sviðum ríkir endalaus samkeppni. Pólítískar ákvarðanir skipta sífellt minna máli um þróun samfélaganna. Fylgt hefur verið hinni breiðu hraðbraut hægri stefnunnar. Hraðatakmarkanir hafa verið fjarlægðar og dregið úr eftirliti. Almanna-hagsmunir hafa vikið fyrir hagsmunum fjármagnseigenda. Þjóðir keppa í lækkun skatta til þess að fullnægja kröfum alþjóðafyrirtækjanna, og það getur ekki leitt til annars en lakari skóla, veikari heilbrigðisþjónustu og skuldsettari þjóða. Það setur þrýsting á verkalýðsfélögin að þau dragi úr kröfum sínum. Staðan á vinnu-markaði staðfestir þessa þróun, þeir sem minnsta menntun hafa og minnst mega sín falla fram af brúninni.

Störf hafa verið send úr landi til svæða þar sem launakjör eru lág og aðbúnaður starfsmanna langt fyrir neðan þá þröskulda sem norrænn vinnumarkaður hefur sett sér.

Norðurlöndin standa á gatnamótum. Ætlum við að spila áfram í efstu deild, eða ætlum við að sætta okkur við að keppa í annarri deild þar sem öll viðmið eru mun lakari en við þekkjum. Það er búið að senda mörg hundruð þúsunda starfa til þróunarlandanna. Um er að ræða einföld störf, en það er skortur á tæknimenntuðu fólki á Norðurlöndum og vel menntuðu fólki í heilbrigðisgeiranum.

Staða íslenska rafiðnaðarsambandsins er fjarri því að vera eins slæm og hjá mörgum öðrum. Hvers vegna? Svarið er gríðarlegar fjárfestingar í starfsmenntun okkar félagsmanna. Á Íslandi rekur Rafiðnaðarsambandið öflugt starfsmenntakerfi í góðri samvinnu við atvinnurekendur í rafgeiranum. Með kjarasamningum hafa fyrirtækin verið fengin til þess að greiða 1% af heildarlaunasummunni í rafiðnaðargeiranum í menntasjóð. Auk þess hafa samtök rafiðnaðarmanna styrkt kerfið umtalsvert með ýmsu móti. Það er ekki vegna þess að rafiðnaðarmenn séu fróðleiksfúsari en aðrir, þetta hefur verið hryggbeinið í kjarabaráttu rafiðnaðarmanna ogaráttu fyrirtækja í rafiðnaði fyrir bættri markaðsstöðu.




Þegar Rafiðnaðarsambandið var stofnað árið 1970 störfuðu um 80% félagsmanna í byggingariðnaði. 5% í orkugeiranum, 5% í landbúnaði og fiskiðnaði, 5% í þjónustu og 5% í tækniiðnaði. Þá voru öll flókin tæknistörf unnin af erlendum rafiðnaðarmönnum: Menntunin var ekki nógu góð meðal okkar fagfólks og það réði ekki við verkefnin. Þá var tekin sú ákvörðun að byggja upp öfluga starfsmenntun nátengda atvinnulífnum.

Árið 2008 hafði félagsmönnum enn fjölgað um 70%. 15% unnu í byggingariðnaði, 5% í orkugeiranum, 5% í landbúnaði og fiskiðnaði, 35% í þjónustu og 60% í tækniiðnaði.

Á þeim 40 árum sem liðin eru frá stofnun Rafiðnaðarsambandsins hefur fjöldi félagsmanna fjórtán faldast, þátttaka rafiðnaðarmanna á Íslandi í stéttarfélagi er yfir 90%. Þrátt fyrir þessa miklu fjölgun hefur atvinnuleysi lengst af á þessum tíma verið um 2%, en fór hæst í 5,7% í fyrra.

Í Norræna rafiðnaðarsambandinu hefur í mörg ár verið unnið að því að samræma menntun



rafiðnaðarmanna á öllum Norðurlöndunum. Komið var á samstarfsnefnd allra norrænu fyrirtækjanna í rafverktöku og norrænu rafvirkjasambandanna, Nordisk El Utbyldings Kommité. Unnið var að því að breyta námskrám þannig að svipað standi á bak við sveinspróf allra norrænu rafvirkjanna. Einnig var talið nauðsynlegt að styðja starfsmenntun í atvinnulífinu. Ekki bara til þess að innan rafiðnaðargeirans væru til starfsmenn sem réðu við verkefni, heldur jafnvel ekki síður að rafiðnaðarmenn stæðu ekki uppi á besta aldri með skerta aðkomu að eigin vinnumarkaði sökum þess að menntun þeirra væri orðin úrelt.

Ef það á að takast á verja þá stöðu og við verðum áfram í efstu deild verðum við að huga enn frekar að tækni- og starfsmenntun í atvinnulífinu. Þar verðum við að grípa fram fyrir hendurnar á stjórnámálamönnunum ef skera á niður framlög til menntamála. Við eigum að gera hið gagnstæða. Við eigum einnig að huga vel að því að samræma það sem stendur á bak við viðurkennd starfsheiti, en láta lifandi símenntun í atvinnulífinu sinna þörfum atvinnulífsins hverju sinni.

### Þing danska rafiðnaðarsambandsins

Þing danska Rafiðnaðarsambandsins stóð dagana 26.–29. okt. Þingið sátu tæplega 300 fulltrúar frá öllum deildum sambandsins. Atvinnuleysi meðal danskra rafiðnaðarmanna er svipað og hér. Það er um 3% og er mun betra en í öðrum starfsgreinum. Atvinnuástandið er verst meðal rafiðnaðarmanna í byggingariðnaðinum. Það sem einkennir breytingar á dönskum vinnumarkaði er að einföld störf hafa verið flutt af fyrirtækjunum til svæða í heiminum þar sem launakjör eru mun lægri en í Danmörku.

Um 200 þús. störf hafa verið flutt frá Danmörku. Allmörg ný hafa verið sköpuð en það er ekki nóg til þess að vinna upp tapið.

Í Danmörku er skortur á velmenntuðu fólki í tæknigreinum. Á þinginu kom fram harkaleg gagnrýni á stefnu ríkisstjórnarinnar sem er hægri stjórn. Háværar kröfur eru um stefnubreytingu. Búið er að fylgja hægri stefnu undanfarin ár með skelfilegum afleiðingum sem blasa við. Efnahagslegt hrun með vaxandi atvinnuleysi og lækkandi kaupmætti.

Flestir ræðumenn á þinginu notuðu myndlíkingar á þeim nóttum að undanfarinn áratug hefðu stjórn-  
málamenn fylgt hinni breiðu hraðbraut hægri stefnunnar. Hraðatakmarkanir hafi verið fjarlægðar og dregið úr eftirliti. Með því hafi hinum tillitslausu sem sniðganga lög og reglur verið veittur forgangur sem þeir nýti sér með skelfilegum afleiðingum fyrir samfélagið. Viðhorf hinna heimtufreku, tillits- og siðlausu ráða. Þeir sem minna mega sín og eiga hægfare farartæki eru dæmdir til að verða undir. Tímar lýðskrums ríkja meðal stjórnámálanna. Við hlið þeirra ganga forsvarsmenn gerviverkalýðsfélaga sem hrópa í kapp við auðhyggjuna og eru í raun jafnvel fremstir allra í að vinna gegn hagsmunum launamanna.

Áætlanir stjórnvalda um að skera niður í menntakerfinu munu einungis leiða til enn lakari stöðu á dönskum vinnumarkaði. Danmörk geti ekki keppt við láglaunasvæðin og ekki á að stefna í neðri deild, þó þar gætu jafnvel unnist einhverjir sigrar á slökum keppinautum. Danmörk á nú að leggja allt kapp á að auka menntun vinnumarkaðarins og halda áfram að keppa í efstu deild. Til þess hefur danskur vinnumarkaður alla möguleika. Auka á fjárfestingar hins opinbera, nú á hið opinbera að taka lán og auka flæðið í hagkerfinu. Hvert tapað starf er ekki einungis fall einstaks heimilis, samfélagið og hagkerfið tapar enn meiru. Danir eru í spíral niður á við og menn verða að skipta um braut á næstu gatnamótum, áður en það verður um seinan.

## Ráðstefna norræna rafiðnaðarsambandsins

Norræna rafiðnaðarsambandið stóð fyrir ráðstefnu í september í Kaupmannahöfn um afleiðingar efnahagskreppunnar og hvert stefndi. Fengnir voru nokkrir úrvalsfyrirlesarar og var meginþemað svört atvinnustarfsemi. Í umræðum kom m.a. fram að litið væri til þróunar undanfarinna ára, eftir að frjáls för verkafólks varð almennari á evrópskum vinnumarkaði. Í þeirri kreppu sem hefur skolið á okkur velta örugglega margir því fyrir sér hvort við þurfum að afsegja kápítalismann og hverfa til baka. Taka upp kommúnisma, marxisma eða þjóðernishyggju. Það hagkerfi sem hefur verið ráðandi undanfarin ár sé aldeilis ómögulegt. Við blasi sviðin jörð kápítalisma og frjálsra markaða.

Við eigum að nýta þetta og það geta verið spennandi tímar á næstunni þar sem tekist verður á um

grundvallarspurningar um sátt fjármagns og framleiðni hinnar vinnandi handar. Viðhorfsbreytingar gagnvart neyslu og umhverfi okkar. Inn í það mun næsta örugglega spila aukin umhverfisvitund og viðhorf til loftslagsbreytinga. Það verður að nást sátt í samfélaginu um skiptingu lífsgæða. Finna leiðir til stöðugleika og aukins kaupmáttar og koma böndum á ofsafengna auð- og neysluhyggju. Þjóðfélög heimsins hafa áður glímt við svipaða stöðu og niðurstöðurnar breyttu heiminum. Það sama mun gerast í kjölfar yfirstandandi kreppu, en brugðið getur til beggja átta hvert haldið verður. Aukin einangrun eða aukin samvinna þjóða. Umræða undanfarin misseri um samskipti og samstarf við aðrar þjóðir vekur upp efasemdir um viðhorf Íslendinga á þessu sviði. Á sama tíma og Evrópuþjóðir eru að bindast auknum samtökum og uppbyggingu viðskiptasvæðis til þess að tryggja atvinnuuppbyggingu og samkeppnishæfni við aðra heimshluta, eru áberandi viðhorf hér á landi sem miða að frekari einangrun Íslands, þá sérstaklega þeirra sem eru yst til hægri eða vinstri.

Hvort eigum við að láta þröngsýn pólitísk markmið hér innanlands sníða okkur stakk eða fara sömu leið og nágrannaríki okkar um samstarf og frelsi til að komast inn á sameiginlegan markað? Sjálfbærni næst með því að auka framboð samfara því að böndum er komið á neysluhyggju. Nýsköpun og hröð tækniþróun er forsenda sjálfbærni, þar hefur orðið mesta fjölgun atvinnutækifæra undanfarin ár. Til þess þarf opið samfélag, ekki einangrun. Samstarf innan Evrópu hefur spornað gegn því að stóru löndin verði enn stærri og hin litlu ósjálfbjarga. Kapítalisminn á að vera verkfæri, ekki hugmyndafræðilegt markmið eins og hann hefur orðið í höndum frjálshyggjunnar og leitt til ofsafenginnar auð- og neysluhyggju.

## Þing Evrópusambands byggingarmanna

Evrópusamband byggingarmanna hélt þing sitt í fyrstu viku desember í Lille í Frakklandi. Rúmlega 17 milljónir vinna í evrópskum byggingariðnaði. Fækkað hefur um 13% og um og 2,5 milljónir manna hafa tapað störfum sínum frá árinu 2007. Mest hefur fækkunin verið á Spáni, Írlandi, Bretlandi og í Portúgal. Í Austur-Evrópu eru víða gríðarleg vandamál.

Á þinginu töluðu nokkrir mjög áheyrilegir fagmenn sem fengnir voru til að greina stöðuna í Evrópu. Fall byggingariðnaðar hófst árið 2007 eða áður en bankakrísan byrjaði. Ástæða bólunnar var mikið af ódýru lánsfé sem bankarnir dældu inn á markaðinn á óábyrgan hátt. Það leiddi til spákaupmennsku og óraunsæis við ákvarðanatöku. Í nokkrum löndum má frekar tala um stöðnun en mikið fall, t.d. í Þýskaland, Austurríki, Sviss og Svíþjóð. Á undanförunum árum hefur verið ráðist í stórtæka uppbyggingu á margs konar mannvirkjum, sem sum hver voru fullkomlega óraunhæf. Stórauðnir lánamöguleikar leiddu til óraunsærra ákvarðana í íbúðarbyggingu og snarhækkandi fasteignaverðs.

Botninum er enn ekki náð en reiknað er með að hann náist á næsta ári í norðurhluta álfunnar. Áætlað er að ein milljón byggingarmanna til viðbótar glati störfum sínum fyrir lok næsta árs. Þetta ástand hefur leitt til vaxandi einangrunarstefnu og rasisma á vinnumarkaði. Farandverkamenn frá öðrum löndum mæta víða harkalegum viðhorfum. Sum fyrirtæki hafa nýtt tækifærið á undanförunum árum til að gera marga að undirverktökum og neðanjarðarhagkerfið hefur vaxið. Langmesta niðursveiflan á byggingarmarkaði er á Írlandi en þar hafa 51% byggingarmanna misst vinnuna. Á Spáni hafa 25% byggingarmanna tapað störfum sínum. Í byggingariðnaði og hinum gríðarlega mikla húsgagnaiðnaði sem þar hefur verið, hafa samtals um 700 þús. manns misst störf sín. Frá aldamótum hefur vöxtur byggingariðnaðar og iðnaðar tengdum honum verið risavaxinn á Spáni. Undanfarin ár voru um 800 þús. íbúðir byggðar á ári, en á næsta ári er reiknað með að í mesta lagi verði um 120 þús. íbúðir byggðar.

Ríkisstjórnir Evrópuríkja vinna að margs konar aðgerðum til þess að vinna á þessum vanda. Í flestum tilfellum er litið til endurbóta á eldri húsum. Talið er að um helmingur húsa í Evrópu þarfnist endurbóta. Margs konar aðgerða er þörf, ekki síst með tilliti til aukinna krafna vegna umhverfisbóta um sjálfbærni húsa og minni orkunotkunar, einnig er öryggis- og tæknibúnaði víða ábótavant. Stjórnvöld og sveitarfélög þurfa að huga að byggingu félagslegra íbúða auk þess að byggja nýja skóla og umferðamannvirki. Græn markmiðasetning (Green New Deal) býður upp á mörg spennandi tækifæri til úrbóta og nýrra starfa.

## Þing norræna byggingarsambandsins

Þingið var haldið í Osló í nóvember. Þar var áberandi umræða um stöðu undirverktaka á vinnumarkaði. Í samþykktum þingsins kom fram eindreginn vilji til að aðalverktaki beri ábyrgð á að staðið sé við lög, kröfur um öryggi og aðbúnað og kaup og kjör allra á viðkomandi vinnustað. Starf stéttarfélaganna snýst ekki einungis um baráttu fyrir hækkun launa, stór þáttur er barátta fyrir réttlátri skiptingu í samfélaginu.

Þetta er mikið hagsmunamál fyrir samfélagið sé litið þróunar undanfarinna ára eftir að frjáls för verkafólks varð almennari á evrópskum vinnumarkaði. Þá hefur neðanjarðarhagkerfið vaxið hratt og tugir milljarða skila sér ekki til samfélagsins. Auk þess þurfa stofnanir samfélagsins að þjónusta einstaklinga sem ekki hafa verið greidd af nein tryggingargjöld og hafa engin réttindi. Slösuðu fólki er ekki varpað á dyr en kostnaður vegna þessa hefur vaxið gríðarlega. Á sumum svæðum þar sem mikið er um erlenda farandverkamenn ráða heilsugæslustöðvar ekki við vaxandi verkefni og ekki er nein leið að leita eftir auknu fjármagni vegna þess að stór hluti fólksins er ekki til í opinberum gögnum.

Svört atvinnustarfsemi þrífst í skjóli undirverktöku og ólögleg starfsemi þrífst í þessu umhverfi, jafnvel harðsnúin glæpastarfsemi eins og t.d. mansal. Verkaþólk er flutt á milli landa og nýtur ekki lágmarksréttinda og er gert að búa við óviðunandi aðstæður, fær takmarkaðan hluta launa og nýtur ekki tryggingaverndar, lögbundins frítíma og veikindaréttar. Noregur er það norrænu landanna sem er komið lengst í að taka á þessu vandamáli með því að setja skýrar reglur um ábyrgð aðalverktaka. Þessar reglur eru nefndar „Samábyrgð“ og voru innleiddar 1. janúar 2010. Þar er kveðið á um að kjarasamningar ákvarði laun og kjör allra sem eru á norskum vinnumarkaði og það sé á ábyrgð aðalverktaka. Það sé við hann sem sé samið um viðkomandi verkefni.

Reynsla Norðmanna er sú að röð undirverktaka, hver undir öðrum í skjóli þess að einungis sé hægt að sækja að aðalverktaka, sem síðan víkur sér undan allri ábyrgð á undirverktökum sínum. Þetta er ekki óþekkt hér á landi. Þannig hefur þessi starfsemi þróast án þess að hægt sé að taka efnislega á henni, en það hefur leitt til margs konar undanskota frá ábyrgð og leitt til þess að samfélagið og launamenn hafa beðið umtalsverðan skaða. Gengið er frá verksamningum við aðalverktaka sem uppfylla öll sett skilyrði samfélagsins en síðan komast undirverktakar upp með að stinga undan umtalsverðum hluta af réttindum og kjörum starfsmanna sinna. Hér er ekki einungis átt við laun, heldur er vinnutími oft óhóflega langur, launamenn njóta ekki veikindaréttar, lögbundinna frídaga, lágmarkstrygginga og orlofs og þannig mætti lengi telja. Auk þess er ekki skilað tilskildum gjöldum til samfélagsins og viðkomandi starfsmaður réttindalaus í því. Samkvæmt nýju lögunum á hvaða starfsmaður sem er, sem vinnur við tiltekið verk, að geta leitað til aðalverktaka og krafist þess að hann njóti rétttra launa og allra lögbundinna kjara og aðbúnaðar. Aðalverktaka eru gefnir 3 mán. til þess hafa samband við þann undirverktaka sem starfsmaðurinn vinnur hjá og koma máli viðkomandi starfsmanna í réttan farveg.

## Kjarasamningar

### Unnið að gerð þriggja ára samnings.

Flest stéttarférlögin voru frekar hikandi í nóvember þegar kjarasamningar runnu út hvað þau ættu að gera eftir misheppnaðan Stöðugleikasáttmála sem hafði reynst þeim ákaflega erfiður. Samtök atvinnulífsins sóttu fast að gera 3ja ára kjarasamning og sama sinnis var ríkisstjórnin. Engin treysti sér til þess að mótmæla því að samstarf væri í raun eina leiðin til þess að komast út úr þeim doða sem sveif yfir atvinnulífinu, auka atvinnu, minnka atvinnuleysi og ná til baka einhverju af þeim kaupmætti sem glatast hafði við Hrunið.

Færi hvert félag fram fyrir sig, var talið víst að nokkir hópar næðu árangri meðan stóru láglaunahóp-

arnir munda lenda í vandræðum, jafnvel ekki ná kjarasamning þar sem þeir mundu ekki geta beitt neinum þrýsting. Samstaða varð um að láta á það reyna hvort og hvaða kjarasamning væri hægt að ná.

Eftir töluvert þjark varð niðurstaðan að miða við um 12% launakostnaðarauka. Kostnaður við sérstaka hækkun lægstu launa kallaði á hærra hlutfall til þeirra sem væru með hópa á lægstu töxtum. SA hefur haldið fast við prósentuleiðina og sama hefur komið fram hjá samningamönnum fjármálaráðuneytis og sveitarfélaganna. En ASÍ hefur krafist að 200 þús. kr. lágmarkslaun náist á samningstímanum.

Í byrjun apríl lágu fyrir samningsdrög með umfangsmikilum skjölum með veigamiklum atriðum hvað varðar kennitölufلاك og bætt siðferði í útboðum og samskiptum á vinnumarkaði. Breytingar á persónu-afslætti, bótafjárhæðum, vinnumarkaðs- og menntaúrræðum fyrir atvinnulaust fólk. Húsnæðismál og yfirlýsing um jöfnun lífeyrisréttinda.

	Árið 2011	1.2. 2012	1.2. 2013	
Lágmarkshækkun	4%	3,3%	3%	Launakostn.auki 10.7%
Hækkun lægstu taxta	11.000 kr.	10.000 kr.	9.000	Launakostn.auki 1%
Lágmarkslaun	176.000	186.000	195.000	
Tekjutrygging	180.000	190.000	200.000	Launakostn.auki 0.3%

Launahækkun fyrir mars, apríl og maí verður greidd út sem eingreiðsla. Hún miðast við meðallaunahækkun heildarlauna innan ASÍ, sem er um 16.500 kr. Eingreiðslan verður því 50.000 kr. Hafi ríkisstjórnin ekki náð niðurstöðu eða hafi forsendur sem samningurinn er reistur á brostið að öðru leyti þann 15. júní, kemur önnur jafnhá eingreiðsla sem er fyrir júní, júlí og ágúst. Samningurinn fellur þá niður en friðarskylda verður á vinnumarkaði til 1. sept. Ef niðurstaða og forsendur hafa náðst koma til umsamdar launabreytingar frá og með 1. júní.

<b>Hagvaxtarforsendur</b>	<b>4 - 5%</b>	<b>4 - 5%</b>	<b>4 - 5%</b>
---------------------------	---------------	---------------	---------------

Nú eru fjárfestingar í atvinnulífi um 13% af vergri landsframleiðslu og eru inna við 200 MIA og eru að dragast saman. Ein af forsendum SA, ef samtökin eiga að fallast á þessar launahækkanir, er að ríkisstjórnin samþykki lækkun Tryggingargjalds um 1.7% og lágmarksfjárfestingar í atvinnulífi

<b>280 MIA</b>	<b>345 MIA</b>	<b>365 MIA</b>
----------------	----------------	----------------

Fjárfesting fari þá upp í 21% af vergri landsframleiðslu sem er lágmark fyrir viðunandi hagvöxt.

Í kaflanum um nýsköpun voru áform um ferðamannaiðnað og að geta Nýsköpunarsjóðs yrði aukin til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum og einnig að Tækniþróunarsjóði yrði gert kleift að aðstoða sprotafyrirtæki í hugbúnaðar- og hátæknigreinum sem skilar sér í fjölgun starfa og auknum útflutningi. Það er þar sem mesta fjölgunin hefur verið í rafiðnaðarstörfum.

Í verðtryggingarkafla samningana ber vitanlega hæst verðbólgan og gengisvísitalan. Hún er nú 215 en var um síðustu áramót 205. Við það mark vill ASÍ miða um næstu áramót, 1.1.2012 verði gengisvísitalan 190 og verði kominn í 180 1.1.2013. Einnig þarf að binda samninginn við verðbólgu og verðlag. Ef allar forsendur ganga upp er gert ráð fyrir að atvinnuleysi minnki um allt að helming og það takist að vinna til baka um 7-8% kaupmáttaraukningu eða um helming af því sem tapaðist við Hrunið.

Á undanförunum árum hafa öll helstu samtök atvinnurekenda og launafólks unnið að samræmingu lífeyrisréttinda og er stefnt að því að með þessu starfi verði lagður grundvöllur að nýju, samræmdu og sjálfbæru lífeyrisskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn. Í þessari vinnu hefur verið við það miðað að réttindi verði stillt af miðað við að iðgjöld til lífeyrissjóða á samtryggingargrundvelli verði í framtíðinni 15,5%. Til þess að svo megi verða er óhjákvæmilegt annað en að hækka framlög til almennu lífeyrissjóðina um 3,5% eða úr 12% í 15,5%, en það verður ekki gert án þess að íslenskt atvinnulíf fái nauðsynlegan aðlögunartíma.

Milli aðila fór umræðuþlagg um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að samræming lífeyrisréttinda verði unnin á grundvelli þess að verja áunninn lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna og stuðning hins opinbera við almennu lífeyrissjóðina vegna afleiðinga fjármálhrunsins. Jafnframt hafa samtökin lýst áhyggjum sínum yfir alvarlegri tryggingafræðilegri stöðu opinberu lífeyrissjóðanna og hafa hvatt samningsaðila á opinbera vinnumarkaðnum til þess að sameinast um tillögur sem duga til þess að opinberu lífeyrissjóðirnir ráði við skuldbindingar sínar á þann hátt að kerfið sé sjálfbært.

Í trausti þess, og til að leggja sitt af mörkum, að hægt verði að ná sátt um grundvöll að nýju samræmdu og sjálfbæru lífeyrisskerfi hefur tekist samkomulag um eftirfarandi breytingar á ákvæðum kjarasamninga um greiðslur til lífeyrissjóða vegna félagsmanna þeirra samtaka sem kjarasamningur þessi tekur til:

### **Mótframlög atvinnurekenda í lífeyrissjóði hækki sem hér segir:**

Hinn 1. janúar 2014 hækki mótframlag atvinnurekenda úr 8% í 8.5%

Hinn 1. janúar 2015 hækki mótframlag atvinnurekenda úr 8.5% í 9%

Hinn 1. janúar 2016 hækki mótframlag atvinnurekenda úr 9% í 9.5%

Hinn 1. janúar 2017 hækki mótframlag atvinnurekenda úr 9.5% í 10%

Hinn 1. janúar 2018 hækki mótframlag atvinnurekenda úr 10% í 10.5%

Hinn 1. janúar 2019 hækki mótframlag atvinnurekenda úr 10.5% í 11%

Hinn 1. janúar 2020 hækki mótframlag atvinnurekenda úr 11% í 11.5%

## Hagsmunir LÍÚ yfirskyggja allt annað hjá SA

Í upphafi þeirra kjaraviðræðna sem staðið hafa undanfarna mánuði lögðu Samtök atvinnulífsins ríka áherslu á að gerður yrði kjarasamningur til þriggja ára. Rökin voru þau að slíkur samningur skapaði stöðugleika sem nauðsynlegur væri á vegferð þjóðarinnar út úr mestu kreppu síðari tíma á Íslandi. Þetta var kölluð **atvinnuleiðin**. Þrátt fyrir takmarkaðan áhuga ASÍ og aðildarsamtaka þess í fyrstu, á langtíma samningi, vegna óvissu í efnahagsmálum, var ákveðið að hefja viðræður á þessum nótum og skoða hvað áynnist.

Fljótlega eftir að viðræður hófust kom í ljós að Samtök atvinnulífsins settu það sem skilyrði fyrir gerð kjarasamninga að niðurstaða fengist í sjávarútvegsmálum. SA vildi ekki einungis tryggja lausn í sjávarútvegsmálum, heldur náði krafan einnig til þess að lausnin væri SA og LÍÚ þóknanleg. Samninganefnd iðnaðarmanna var ekki reiðubúin að setjast að viðræðum á þessum forsendum og hótaði að rjúfa samstarfið.

Viðræður hófust aftur eftir að miðstjórn ASÍ sendi frá sér ályktun þar sem áréttað var að SA bæri samkvæmt landslögum að standa undir þeirri frumskyldu sinni að ganga til kjarasamninga. Sjávarútvegsmálin vofðu þó enn yfir. Til þess að ná hópnum saman aftur var sest niður og útlínur skammtímasamnings settar upp þann 11. febrúar. Samningurinn átti að vera trygg undankomuleið fyrir launamenn með launahækkanir frá 1. mars út september ef þessi staða kæmi aftur upp á lokastigi langtímasamnings.

Sest var að gríðarlega flókinn samningavinnu og voru 5 starfsmenn RSÍ meira og minna í þeirri vinnu í tvo mánuði. Dreginn var upp 3. ára samningur sem innifelur mjög verðmæt atriði fyrir, ekki bara launamenn, heldur samfélagið allt. Allir voru sammála um að rífa atvinnulífið upp úr þeim doða sem það er í. Gert er ráð fyrir að okkur takist að vinna til baka um helming af þeim kaupmætti sem við töpuðum við Hrunið.

Að kvöldi föstudagsins 15. Apríl komst þessi vinna loks á lokastig en þá hafnaði SA að skrifa undir 3ja ára samninginn og sagðist einungis ætla að skrifa undir skammtímasamninginn en fléttuðu saman við hann pólitískri yfirlýsingu. Samningamenn stéttarfélaganna sögðust ekki geta skrifað undir hana og það væri reyndar einfaldlega ólöglegt að setja þetta inn í samning.

Þar fyrir utan væru þar álitamál sem væru mjög umdeild meðal landsmanna sem reyndar væru flestir launamenn og ættu að fara að greiða atkvæði um þennan samning. Þetta mundi leiða til enn einnar atkvæðagreiðslu þar sem verið væri að kjósa samtímis um óskyld mál sem mundi næsta örugglega leiða til þess að samningurinn yrði felldur.

Samningamenn stéttarfélaganna biðu í 4 klst. eftir því að SA-menn endurskoðuðu hug sinn, og fóru síðan heim um miðnætti. Samningarnir liggja nú á skrifborði sáttasemjara, penninn ofan á og efst liggur þessi yfirlýsing.

LÍÚ var allan tímann með kverkatak á kjaraviðræðunum. LÍÚ tók 100 þúsund félagsmenn ASÍ í gíslingu. LÍÚ sem er eitt af átta aðildarfélögum SA tók sín eigin samtök í gíslingu og þar með stóra aðila eins og Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar- og þjónustu og Samtök ferðaþjónustunnar. Allt var þetta gert til að þvinga fram niðurstöðu í sjávarútvegsmálum sem væri útgerðaraðlinum í landinu þóknanleg. Þetta er ofbeldi og vinnubrögð sem eru LÍÚ til vansa. Þetta framferði varð að lokum til þess að sú vegferð um þriggja ára samning, sem SA hóf sjálf í byrjun árs rann út í sandinn.

Rökin sem SA lagði upp með, að þjóðarheill krefðist langtímasamnings, véku á endanum fyrir hagsmunum LÍÚ. Það er dapurleg niðurstaða. SA beit svo höfuðið af skömminni með því að ganga á bak orða sinna og svíkja undirritun skammtímasamningsins sem lá á borðinu og fresta þannig launahækkun hjá okkar fólki.

## Lögbundnar lágmarkslaunabreytingar á samningstímabili 2007 - 2010.

**1. jan. 2007 2,25% hækkun á öll laun og launaliði**

**1. feb. 2008 5.5% launatrygging**

**1. nóvember 2009 3.5% launatrygging**, mæling frá 1. jan. 2009 til 1. nóv. 2009. Ef starfsmaður hefur fengið minni launahækkun en 3,5% næstliðna 12 mán. þá ber honum sú launahækkun sem upp á vantar. Hafi starfsmaður ekki fengið neina launahækkun á þessu ári þá á hann rétt á 3,5% hækkun, hafi hann fengið t.d. 2% þá á hann rétt á 1,5% hækkun.

**1. júní 2010 2,5% launahækkun á öll laun og launaliði.**

	30. júní	1. júlí 2009	
Lágmarkslaun	166.275	173.187	taxtar 13 og 14 detta út
Þriggja ára nám	189.427	197.302	
Lágm.laun sveina	210.474	219.224	
Sveinn eftir 1 ár	214.825	223.575	
Sveinn eftir 3 ár	219.285	228.035	
Sveinn eftir 5 ár	238.268	247.018	

Ef starfsmaður tekur laun samkvæmt taxta sem liggur fyrir neðan lágmarkslaun ber honum hækkun þar til laun hans eru fyrir ofan lágmarkstaxta.

## I. nóv. 2009

Lágmarkslaun	180.099	taxti 15 dettur út
Þriggja ára nám	205.177	
Lágm. laun sveina	227.974	
Sveinn eftir 1 ár	232.325	
Sveinn eftir 3 ár	236.785	
Sveinn eftir 5 ár	255.768	

## I. júní 2010

Lágmarkslaun	186.971	taxti 16 dettur út
Þriggja ára nám	213.005	
Lágm. laun sveina	236.672	
Sveinn eftir 1 ár	242.325	
Sveinn eftir 3 ár	245.535	
Sveinn eftir 5 ár	265.768	

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2009 kr. 45.600.

Á árinu 2010 kr. 46.800.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2008 verði orlofsuppbót kr. 24.300.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2009 verði orlofsuppbót kr. 25.200.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2010 verði orlofsuppbót kr. 25.800.

## Launakönnun Rafiðnaðarsambands Íslands 2010

Capacent hefur kannað laun og vinnutíma rafiðnaðarmanna í september undanfarin ár. Úrtak nú var 1200 félagsmenn. 593 svöruðu eða 51%. 505 karlar og 88 konur sem samsvarar vel kynjaskiptingu innan sambandsins.

### Menntun og staða á vinnumarkaði

18% félagsmanna er með minni menntun en iðnnám. 67% hafa lokið iðnnámi. 16% hafa lokið háskólanámi. 84% eru fastráðnir, 6% eru í vinnu og námi, 3% í námi, 3% eru atvinnulausir, 1,4% eru á uppsagnarfresti og 1% á reynslutíma.

## Meðalvinnutími er 180 klst. á mánuði

Meðalvinnutími fer lækkandi, var 199 klst. á mánuði árið 2006 og var kominn í 181 klst. árið 2009.

Þessar tölur eru frá fólki sem er í fullu starfi.

Yfirvinnutímar voru að meðaltali 20 klst. á mánuði hjá þeim sem eru í fullu starfi en voru 22 klst. 2009.

Meðalyfirvinnutímar	2006	2007	2008	2009	2010
Rafvirkjar	48 klst	39 klst	50 klst	25 klst	22 klst
Rafeindavirkjar	35 klst	24 klst	30 klst	20 klst	18 klst
Tæknifólk	30 klst	36 klst	45 klst	20 klst	17 klst
Símamenn	30 klst	17 klst	20 klst	11 klst	11 klst

## Meðalheildarmánaðarlaun rafiðnaðarmanna eru 447.950 kr.

Voru 438.690 kr. í sept. 2009 og hafa því hækkað um 2.1%.

### Meðalheildarmánaðarlaun

	sept. 2006	ágúst 2007	sept. 2008	sept. 2009	sept. 2010	hækkun
Rafeindav.	390 þús. kr.	474 þús. kr.	474 þús. kr.	468 þús. kr.	<b>490 þús. kr.</b>	<b>4,7%</b>
Rafvirkjar	429 þús. kr.	436 þús. kr.	492 þús. kr.	476 þús. kr.	<b>478 þús. kr.</b>	<b>0,4%</b>
Símamenn	313 þús. kr.	344 þús. kr.	374 þús. kr.	365 þús. kr.	<b>366 þús. kr.</b>	<b>0,3%</b>
Tæknifólk	326 þús. kr.	417 þús. kr.	447 þús. kr.	406 þús. kr.	<b>431 þús. kr.</b>	<b>6,1%</b>

## Meðaldaglaun (regluleg laun) rafiðnaðarmanna eru 361.243 kr.

Voru 347.772 kr. sept. 2009 og hafa því hækkað um 3,9%. Regluleg laun eru föst laun sem greidd eru fyrir 40 dagvinnutíma, utan bónuss, álags eða yfirvinnu.

### Regluleg laun

	sept. 2006	ágúst 2007	sept. 2008	sept. 2009	sept. 2010	hækkun
Rafeindav.	308 þús. kr.	403 þús. kr.	399 þús. kr.	397 þús. kr.	<b>398 þús. kr.</b>	<b>0,3%</b>
Rafvirkjar	285 þús. kr.	303 þús. kr.	321 þús. kr.	344 þús. kr.	<b>346 þús. kr.</b>	<b>0,6%</b>
Símamenn	279 þús. kr.	320 þús. kr.	346 þús. kr.	337 þús. kr.	<b>331 þús. kr.</b>	<b>-1,8%</b>
Tæknifólk	274 þús. kr.	309 þús. kr.	340 þús. kr.	348 þús. kr.	<b>371 þús. kr.</b>	<b>6,6%</b>

## Launamunur kynjanna

Í umfjöllun um launamun kynjanna fékk RSÍ spurningar um launamun innan rafgreina frá **Háskólanna**

í **Rvík** og á **Bifröst**

Hefur stéttarfélagið einhverja stefnu hvað varðar launajafnrétti kynjanna?

**Svar : Það eru engar skilgreiningar milli karla og kvenna í kjarasamningum Rafiðnaðarsambandsins**

Hvernig framfylgir stéttarfélagið þeirri stefnu? (Með eftirliti og/eða refsiaðgerðum eða öðrum leiðum?)

**Svar : Það hefur 2 sinnum gerst að rafkonur hafa kært að rafkarlar væru með hærri laun en konur, í báðum tilfellum kom í ljós að það var vegna þess að rafkarlarnir höfðu sótt aukalega fagtengd námskeið umfram konurnar en kvartanir kvennanna urðu til þess að karlarnir voru lækkaðir í launum.**

Ef engin stefna er varðandi launajafnrétti, af hverju ekki?

**Svar : Vegna þess að þá væri verið að mismuna kynjum.**

Stendur til að setja fram þess háttar stefnu?

**Svar : Það er fullkominn samstaða um að gera það ekki.**

Í árlegri launakönnun sem Capacent gerði meðal rafiðnaðarmanna í september 2010 komu fram m.a. eftirfarandi upplýsingar. Þessi könnun hefur verið gerð árlega í 5 ár. Úrtakið var 1172 eða um 20% félagsmanna RSÍ, 51% sem svöruðu.

### Meðal yfirvinnutími rafiðnaðarmanna með sveinspróf eða meira í september 2010

Rafkonur 9 klst.

Rafkarlar 21 klst.

### Meðal heildarlaun

Rafkonur kr. 478.061

Rafkarlar kr. 461.667

Reiknað út frá sama vinnutíma, eru rafkonur með 10.2% hærri heildarlaun en rafkarlar

### Meðal regluleg laun

Rafkonur kr. 426.164

Rafkarlar kr. 371.909

Rafkonur eru með 14,6% hærri regluleg laun en rafkarlar.

Þessar tölur eru svipaðar niðurstöðum í fyrri könnunum. Þegar kannanirnar hafa verið birtar hafa örfáir karlar, áberandi ungir rafkarlar, krafist þess að settar væru reglur til þess að jafna bil karla við konur en því hefur algjörlega verið hafnað af hálfu stjórnar sambandsins.





Aldeyjarfoss í Skjálfandafljóti

## Orlofskerfi RSÍ

### Miklar breytingar

Í rekstri orlofskerfisins síðasta ár voru: Tvö hús í Svignaskarði. Raðhús í Stykkishólmi. Hús í Vatnsfirði. Einbýlishús í Súðavík. Hús í Varmahlíð. 3 íbúðir á Akureyri. Hús í Vaglaskógi. Hús á Illugastöðum sem er í skiptum fyrir annað hús RSÍ í Lóninu. 3 hús á Einarstöðum. Hús í Lóninu. 3 hús á Kirkjubæjarklaustri. 15 hús í Skógarnesi við Apavatn. 3 hús í Ölfusborgum. 6 íbúðir í Reykjavík. Samtals 42 orlofshús.

17 tjaldvagnar eru í leigukerfinu allir nýir, síðastliðið sumar var bætt við 3 vögnum með fortjaldi. Er-  
lendis var í boði 1 íbúð í Kaupmannahöfn og 2 hús á Spáni.

## Orlofshúsakerfi Rafiðnaðarsambandsins

	Fjöldi húsa á ársgr. velli	Heildar-tekjur 2010	Heildar-gjöld 2010	Tekjur pr. hús 2010	Gjöld pr. hús 2010	Leiga sem hlutfall af rekstrar-kostnaði 2010	2009	Meðaltal 2004-2009
Reykjavík	6	5.045.500	6.341.660	840.917	1.056.943	79,6%	96,3%	97,6%
Svignaskarð	2	1.432.800	2.464.665	716.400	1.232.333	58,1%	40,9%	45,3%
Vatnsfjörður	1	238.000	977.332	238.000	977.332	24,4%	29,4%	30,2%
Varmahlíð	1	1.057.500	644.067	1.057.500	644.067	164,2%	107,8%	131,5%
Akureyri	3	3.447.000	1.932.245	1.149.000	644.082	178,4%	132,5%	136,3%
Vaglaskógur	1	746.200	778.208	746.200	778.208	95,9%	162,2%	59,9%
Einarsstaðir	3	840.000	2.324.971	280.000	774.990	36,1%	33,5%	40,7%
Klifabotn	2	514.500	1.105.576	257.250	552.788	46,5%	82,4%	76,4%
Klaustur	1	427.000	428.932	427.000	428.932	99,5%	84,2%	69,3%
Klaustur – lítil hús	2	452.500	559.634	226.250	279.817	80,9%	62,9%	60,0%
Skógarnes – minni hús/húsv.	5	2.667.600	11.501.280	533.520	2.300.256	23,2%	26,6%	38,6%
Skógarnes – ný hús	10	10.595.500	25.154.692	1.059.550	2.515.469	42,1%	57,4%	53,8%
Skógarnes – aðalh.	1	2.106.500	3.851.575	2.106.500	3.851.575	54,7%	48,5%	82,7%
Stykkishólmur	1	891.000	1.790.047	891.000	1.790.047	49,8%	41,8%	55,1%
Ölfusborgir	3	2.204.400	3.340.169	734.800	1.113.390	66,0%	46,0%	58,4%
Tjaldvagnar	14,5	1.674.800	1.362.396	115.503	93.958	122,9%	275,2%	159,6%
Spánn	2	1.020.500	1.518.336	510.250	759.168	67,2%	88,7%	172,1%
Kaupmannahöfn	1	1.752.000	5.296.929	1.752.000	5.296.929	33,1%	36,9%	36,3%
Súðavík	1	277.000	696.000	277.000	696.000	39,8%	32,3%	32,3%
Skógarnes - Tjaldst/golfv.	3	6.000.501	7.641.518	2.000.167	2.547.173	78,5%	113,4%	97,7%
<b>Meðaltal</b>	<b>63,5</b>	<b>43.390.801</b>	<b>79.710.233</b>	<b>683.320</b>	<b>1.255.279</b>	<b>54,4%</b>	<b>62,6%</b>	<b>63,1%</b>

Í sumar verður bætt við orlofshúsi í Vestmannaeyjum. Húsið er staðsett við Kirkjuveg 86. Svefnpláss í húsinu eru fyrir 5. Herbergin eru 3 auk stofu, eldhús og þvottahús eru í kjallara. Húsið er vel tækjum búið, þvottavél, uppvottavél, tvö sjónvörp og DVD spilar. Einnig verður bætt við raðhúsi á Vínaklettum, Gufuskálum á Snæfellsnesi. Húsið er á tveimur hæðum 80 m<sup>2</sup> að stærð. Á neðri hæð er stofa, eldhús og herbergi auk lítillar geymslu. Á efri hæð eru tvö herbergi og baðherbergi með baðkari/sturtu. Svefnpláss er fyrir 8 manns, húsinu fylgir borðbúnaður og eldunaráhöld, auk almennra raftækja í eldhúsi. Á verönd við húsið er heitur pottur.

Sú breyting varð í haust að íbúðinni í Kaupmannahöfn var sagt upp vegna þess að lítil útleiga var yfir veturinn. En í sumar frá 10. júní til 26. ágúst verður sett inn í orlofskerfið ný glæsileg 130 fm íbúð á annarri hæð í fjölbýlishúsi í Christianshavn. Lyfta er í húsinu. Íbúðin er í afar góðu göngufæri við miðborgina, söfn, verslanir og veitingastaði. Hún er tvö svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi. Eldhúsið er búið öllum búnaði til matseldar auk uppvottavélar. Í baðherbergi er einnig þvottavél og þurrkari. Svefnpláss er fyrir 6 manns í rúmum, þar af fyrir 2 á svefnsófa í stofu. Í íbúðinni er sjónvarp og internetaðgangur.

## Nýting aðstöðu í orlofshúsakerfi Rafiðnaðarsambandsins

Hús	Viðmiðunar	Fjöldi	Hlutfall	Röð
	dagur	leigudaga		2010
Reykjavík	2.190	1431	65,3%	7
Svignaskarð	730	434	59,5%	11
Vatnsfjörður	120	85	70,8%	5
Varmahlíð	365	222	60,8%	10
Akureyri	1.095	831	75,9%	4
Vaglaskógur	365	192	52,6%	14
Einarsstaðir	365	299	81,9%	2
Klifabotn /Illguastaðir	730	169	23,2%	19
Kirkjubæjarklaustur B hús	365	153	41,9%	16
Kirkjubæjarklaustur Lítil hús	730	190	26,0%	18
Skógarnes – minni hús	960	648	67,5%	6
Skógarnes – stærra hús	3.650	2238	61,3%	9
Skógarnes – aðalhús	275	152	55,3%	13
Stykkishólmur	365	191	52,3%	15
Ölfusborgir	1.095	680	62,1%	8
Spánn	730	232	31,8%	17
Kaupmannhöfn	290	224	77,2%	3
Súðavík	90	84	93,3%	1
Tjaldvagnar	1.305	733	56,2%	12
<b>SAMTALS</b>	<b>15.815</b>	<b>9.188</b>	<b>58,1%</b>	

Einnig er bætt inn húsi í Grasberg í Norður Þýskalandi, skammt frá Bremen. Svæðið er afar fallegt og vinsælt ferðamannasvæði sem býður uppá ótrúlega margt til skemmtunar og afþreyingar. Íbúðin er á tveimur hæðum, 5-6 herbergi og svefnpláss fyrir 8 manns (aukagjald ef fleiri eru). Uppbúin rúm og handklæði fylgja. Baðherbergin eru tvö og þvottaáðstaða. Við húsið er 800 fm garður með 30m<sup>2</sup> verönd með grillaðstöðu. Bílastæði er fyrir 3 bíla á lóðinni. Húsið stendur í botnlanga, rólegt og barnvænt.

**Samtals standa félagsmönnum til boða 65 orlofseiningar auk glæsilegs tjaldsvæðis.**

Afleiðingar Hrunsins birtust starfsmönnum sambandsins m.a. í því að töliverð aukning varð á aðsókn í orlofseignir hér á landi allt árið og nýting tjaldsvæðisins óx gríðarlega. Einnig varð sú breyting að tölvert var um að fólk dveldi þar um lengri tíma en bara yfir helgi. Þetta varð til þess að miðstjórn ákvað að flýta nokkuð fyrirhuguðum framkvæmdum, mikil nýting kallar einnig á meira viðhald. Á mótum koma auknar tekjur. Í fyrra var framkvæmt í orlofskerfi sambandsins fyrir um 141 millj. kr.

Haustið 2008 ákvað miðstjórn að það væri skylda sambandsins að nýta allan styrk þess til að takast á við þennan vanda með félagsmönnum og hefur fjárhagslegum vanda verið dreift á sjóði sambandsins.

Sambandsstjórnarfundir og trúnaðarmannaráðstefnur tóku undir þessar samþykktir á fundum sínum 2009 og 2010. Tíu ára áætlun miðstjórnar um byggingu nýrra húsa og endurbyggingu þeirra eldri var flýtt um 2 ár og lauk þeim framkvæmdum á orlofssvæðinu á Apavatni á síðasta ári. Óvæntur kostnaður lenti á orlofssjóði vegna Suðurlandsskjálftans. Fyrirhugað hafði verið að endurnýja húsin í Ölfusborgum og reyndist hagkvæmara að nýta bætur sem fengust úr tryggingum samfara heildarendurnýjun húsa.

Í vor hefjast framkvæmdir við hitaveitu í orlofsbygginginni á Einarstöðum. Þar á Rafiðnaðarsambandið 3 hús. Þetta mun gera það að verkum að hægt verður að setja heita potta við húsin og það muni auka nýtingarmöguleika þeirra umtalsvert.

## Úthlutun orlofsaðstöðu innanlands – Sumar 2011

Úthlutun fór fram 7. apríl 2011. Umsóknarfrestur var frá 1. mars til 1. apríl 2011. Alls bárust 648 umsóknir og skiptust þannig: 630 rafrænar og 18 skriflegar. Úthlutað fengu 394 eða 61% innsendra umsókna. Höfnun fengu 254 eða 40% innsendra umsókna.

Til úthlutunar voru alls 676 einingar (leigutímabil/orl.hús) sem skiptast þannig: Í orlofshúsum: 494 einingar og í tjaldvögnum: 182 einingar.

Sem fyrr er mesta aðsóknin í Skógarnes við Apavatn. Alls komu 64 umsóknarlínur í tjaldvagna, í boði eru 168 einingar. Tjaldvagnarnir hafa þann vana að fara allir í útleigu eftir að opnað er fyrir „fyrstur kemur fyrstur fær“ á orlofsvefnum. Reynsla undangenginna ára er að allir vagnar eru í fullri leigu allt tímabilið. Vinsælast 2011 er:

Nr. 1: Apavatn, Nr. 2: Vaglaskógur, Nr. 3: Varmahlíð, Nr. 4: Akureyri.

Flókalundur, Illugastaðir, Svignaskarð, Stykkishólmur og Ölfusborgir standa nokkuð jafnt í vinsældum.

Nýir staðir í ár eru Vestmannaeyjar og Gufuskálar og var aðsókn góð þar.

## Skógarnes við Apavatn

Við Apavatn á RSÍ 25 hektara orlofssvæði. Í fyrra var keypt um 1.3 ha lands sem liggur við svæðið. Það leiðir til þess að landræma norðan nýju húsa nýtist mun betur. Búið er að skipuleggja þetta svæði og verða þar reist 4 hús eins og minni húsin og eitt eins og stærri húsin. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um hvenær það verður gert. Á þessu svæði er þéttur skógur niðri við vatnið og verður komið fyrir þar bekkjum og borðum og svæðið tengt við göngustígakerfið. Ánægjulegt er að sjá hversu mikið hið 3 km göngustígakerfi á nesinu er nýtt og útvistarsvæðin öll.

Skógurinn á austanverðu nesinu dafnar betur með hverju ári og skjól á nýrri tjaldsvæðunum er sífellt að batna. Gestum er heimil veiði í vatninu. Níu holu púttvöllur og níu holu æfingavöllur með 50–250 m þar 3 brautum. Tveir knattspyrnuvöllir, körfuboltavöllur og strandblaksvöllur. Þrjú stór og vel búin leiksvæði. Á svæðinu er rúmgott tjaldsvæði með 2 rúmgóðum snyrtihúsum og svæðið er allt vel rafvætt. Við snyrtihúsin eru gasgrill og góð aðstaða til þess að vaska upp.

Á síðasta ári voru um 12.000 gestir á orlofssvæðinu við Apavatn og tekjur af tjaldsvæðinu hafa tvöfaldað á síðustu tveim árum. Flestar helgar frá Jónsmessuhátíðinni til verslunarmannahelgarinnar er tjaldsvæðið fullt og vel á annað hundrað fjölskyldur á svæðinu. Töluverð aukning var á að fólk væri á svæðinu í lengri tíma en eina helgi, oft í tvær vikur. Undanfarin ár hefur tjaldsvæðið stækkað frá því að þar voru rými fyrir um 100 einingar en nú er rými fyrir um 250 einingar. Með vel búnu tjaldsvæði er verið að koma til móts við þá fjölmörgu félagsmenn sem hafa komið sér upp góðum útivistargræjum, en vitanlega eiga þeir jafnmikinn rétt innan orlofssjóðsins og þeir sem nýta orlofshúsin.

## Framkvæmdir á Skógarnesi

Miðstjórn ákvað í fyrra í samráði við stjórnir FÍR, FÍS og FTR að skipta út minni húsunum í Skógarnesi og voru þau seld en í vetur hafa verið byggð ný 63 m<sup>2</sup> hús með 10 m<sup>2</sup> útigeymslu og 50 m<sup>2</sup> verönd í stað þeirra eldri. Tvö þeirra voru tekin í notkun um páskana og hin tvö fara í leigu upp úr miðjum maí. Einnig var ákveðið að endurbyggja stóra húsið. Það var ákaflega illa einangrað auk þess sem gluggar voru orðnir ónýtir og þak farið að leka. Húsið var tekið í notkun um páskana.

## Golfvöllurinn

**Golfvöllurinn** er gríðarlega vinsæll meðal gesta svæðisins og hefur hann fengið þau ummæli að vera með betri æfingavöllum, erfiður og kröfuharður. Brautir hafa verið lagfærðar, auk þess sem búið er að bæta við sandgloppum og hólum. Í Miðdal við Laugarvatn rekur RSÍ í samfélagi við önnur stéttarfélög 9 holu golfvöll. Félagsmenn fá kort að golfvöllinum gegn vægu gjaldi. Sams konar samstarfssamningur var gerður við golfvöllinn í Hveragerði fyrir félagsmenn sem dvelja í Ölfusborgum.





Gígjarfoss í Jökulfalli við Kerlingarfjöll

## Menntamál

### Sveinspróf

Sveinsbréf í rafgreinum eru afhent við hátíðlega athöfn sem Rafiðnaðarsamband Íslands og Samtök rafverktaka standa að venju fyrir. Síðast þ.e. í febrúar 2011, luku 7 prófi, 51 rafvirki og 11 rafeindavirkjar. Í júní í fyrra luku 54 rafiðnaðarnemar prófum. Þannig að á þessu ári hafa 116 rafiðnaðarnemar lokið sveinsprófum, sem skiptast þannig að þar eru 95 rafvirkjar og 21 er rafeindavirki.

Eftir tvö fjölmenn ár í sveinsprófum virðast vera væntarlegir um 110–120 manns í sveinspróf sem verður að teljast nokkuð gott miðað við atvinnuástandið. Mikil og stöðug fjölgun hefur verið meðal rafiðnaðarmanna undanfarin ár og hefur fjöldi þeirra tvöfaldast síðasta áratug. Nú eru starfandi rafiðnaðarmenn með sveinspróf hér á landi tæplega 4.000. Starfsvið rafiðnaðarmanna í dag er gríðar-

lega víðfeðmt, fyrir 25 árum störfuðu um 80% þeirra í byggingar- og orkugeira. Í dag hefur þetta snúist við, því liðlega 80% þeirra starfa í hátæknigeiranum.

Formenn RSÍ og SART ávörpuðu nýsveina og buðu þá velkomna til starfa innan rafiðnaðargeirans. Atvinnuástand í rafiðnaðargeiranum er betra en í öðrum starfsgreinum og launakjör góð, þrátt fyrir niðursveiflu og tæplega 4% atvinnuleysi meðal rafiðnaðarmanna. Þó að nýsveinar séu að ljúka námi þá kallar gríðarlega hröð tækniþróun á að rafiðnaðarmenn endurnýi tækniþekkingu sína og sækji fagtengd námskeið reglulega. Áður sinntu erlendir rafiðnaðarmenn uppsetningu á flóknari tækniþúnaði hér á landi. En með markvissri uppbyggingu starfsmenntunar í rafiðnaði hefur tekist að snúa þessu við og nú sjá íslenskir rafiðnaðarmenn um alla tækniþjónustu hér og eru margir þeirra að störfum víða um heim.

## Rafiðnaðarskólinn

Starfsemi Rafiðnaðarskólans árið 2010 einkenndist að nokkru af framkvæmdum við húsnæðið að Stórhöfða 27 og var starfsemin því heldur minni en árið áður. Árið 2010 voru haldin 85 fagnámskeið með 827 þátttakendum, flest í Reykjavík en einnig voru haldin námskeið á Akureyri, á Egilsstöðum og á Ísafirði. Þrátt fyrir stuðning RSÍ við þátttöku atvinnulausra rafiðnaðarmanna í námskeiðum voru þeir fáir sem nýttu sér það á síðasta ári.

Þeir félagsmenn sem greitt er af í eftirmenntunarsjóð fá allt að 67% afslátt af námskeiðsgjöldum. Að þessu leyti sker eftirmenntunarsjóður rafiðnaðarmanna sig algjörlega úr frá öðrum starfsmenntasjóðum verkalýðshreyfingarinnar. Aðrir sjóðir starfa ekki að þróun námskeiða og stefnumarkandi þróun, samfara tækniþróun. Þarna fara hagsmunir fyrirtækjanna algjörlega saman við hagsmuni starfsmanna og það skýrir vel mikið samstarf SART og RSÍ um rekstur menntakerfisins. Fyrirtæki ná ekki til sín verkefnum sé ekki til staðar þekking í röðum starfsmanna til þess að takast á við þau.

Auk hefðbundins námskeiðshalds hafa verið haldnir fyrirlestrar sem eru ágætlega sóttir. Skipulögð hafa verið svokölluð „stutt námskeið“ sem eru námskeið sem fjalla um afmarkaðri þætti en á hefðbundnum námskeiðum. Unnið hefur verið að endurnýjun ýmissa námskeiða og ný námskeið hafa bæst við svo sem námskeið um raflagnastaðalinn ÍST 200. Námskeið um uppsetningu þúnaðar vegna stóratburða, svo nefnt „Rigging“ námskeið, var haldið í samvinnu við Félag tæknifólks og er það vonandi byrjun á nánara samstarfi.

Ljóstæknifélag Íslands og Rafiðnaðarskólinn hafa gert með sér samstarfssamning og mun Ljóstæknifélagið fá aðgang að tilraunastofu fyrir ljósgjafa og lýsingu á 1. hæð skólans en í staðinn veita tæknilega aðstoð, halda fyrirlestra og útvega kennara á sviði lýsingartækni.

RSÍ studdi starf skólans á liðnu starfsári eins og oft áður. Auk þess nýtur skólinn þess að vera í húsnaði í eigu RSÍ og aðildarféлага. Aðildarfélög RSÍ hafa einnig stutt skólann árlega með myndarlegum gjöfum til kennslutækjakaupa.

Í stjórn skólans eru Ómar Hannesson, Ásmundur Einarsson og Ásvaldur Kristjánsson. Varamenn eru Guðmundur Breiðfjörð og Jakob Tryggvason.

Björn Ágúst Sigurjónsson er formaður stjórnar en samkvæmt hluthafasamþykkt félagsins færist formannsætið milli SART og RSÍ á tveggja ára fresti og mun fulltrúi RSÍ verða formaður næsta ár.

Framkvæmdum við húsnaði skólans er nú lokið og eru flestir sammála um að vel hafi til tekist og er húsnaðið hið glæsilegasta og mun gefa möguleika á aukinni starfsemi á næstu árum.

Komið hefur í ljós að það hefur ótvíræðan kost að vera á sömu slóðum og skrifstofa RSÍ, Fræðslumiðstöð rafiðnaðarins og lífeyrissjóðurinn.

## Yfirlit aðsóknar að skólanum

Fjöldi	2006	2007	2008	2009	2010
Nemenda	877	815	729	1.118	827
Námskeiða	92	88	80	112	85
Kennslustunda	30.683	26.197	23.827	37.585	23.685

## Fræðslustarf í rafiðngreinum

Rafiðnaður er tæknigrein sem hefur alla tíð þróast ört. Rafiðnaðarmenn þurfa umfram aðrar starfsstéttir að sækja eftirmenntun til þess að tryggja atvinnuöryggi sitt. Í fundargerðum stéttarféлага rafiðnaðarmanna eru áberandi kröfur um að félögin aðstoði félagsmenn við að tileinka sér tækninýjungar. Orð eins fundarmanna á stofnfundi félags rafvirkja árið 1926 geta allt eins gilt í dag: „Bæta þarf menntun í þessari iðn og koma í veg fyrir að menn bolist úr atvinnunni og festa komist í fagið.“ Fyrsta faglega námskeiðið sem Félag íslenskra rafvirkja stóð fyrir var haldið seinni hluta vetrar 1930.

Það varð stökkbreyting í störfum rafiðnaðarmanna í kjölfar innleiðingar hálfleiðarans í tækniþúnaði og stýriþúnaði. Þegar farið var að reisa Búrfellsvirkjun og byggja álverið í Straumsvík árið 1965 fór virkilega að bera á því að íslenskir rafiðnaðarmenn höfðu dregist aftur úr í tækniþekkingu. Á sama tíma var fiskveiðiflotinn tæknivæddur með nýrri tegund fiskileitartækja og farið var að tæknivæða fiskvinnsluna í miklum mæli. Þegar Rafiðnaðarsamband Íslands var stofnað 1970 var eitt af meginverkefnum þess að gera stórátak í menntamálum í rafiðnaðargeiranum.

Skýrt dæmi um þetta er þegar skriftvélavirkjar þurftu nánast að endurmennta alla starfsstéttina á einni nóttu. Til þess að takast á við þetta gríðarlega verkefni stofnuðu skriftvélavirkjar sitt fyrsta stéttarfélag árið 1975 og gengu í RSÍ. Á þessum tíma voru rafreiknivélar og tölvur að ryðja sér rúms í ríkum mæli. Fram undir það voru allar skrifstofuvélar „mekanískar“. Á örfáum árum var horfið frá vél-tækni yfir í rafeindatækni og hugbúnað og endurmennta varð alla stéttina á nokkrum árum.

Eftirmenntunarnefnd í rafiðnaði var stofnuð árið 1974 til undirbúnings á fagtengdu námskeiðahaldi. Fjölbrotaskólar voru þá að ryðja sér til rúms og verkmenntadeildum var komið á fót. Jafnframt voru námskrár endurskoðaðar. Dönsku rafiðnaðarsamtökin voru þá langt kominn í uppbyggingu eftirmenntunarkerfis og gott samstarf tókst við þá. Þetta átak var gríðarlega dýrt þar sem kaupa varð allan tæknibúnað svo þátttakendur námskeiða gætu unnið við þann tæknibúnað sem verið var að kenna á. Flestir höfðu aldrei augum litið hinn nýja búnað. Reksturinn varð því mjög kostnaðarsamur, kennslu-tæki verkmenntaskólanna voru langt á eftir sinni samtíð og þau nýttust engan veginn til þessa uppbyggingarstarfs.

Námskeið eftirmenntunarnefndarinnar urðu strax eftirsóknarverð, ekki bara hjá félagsmönnum aðildarfélaga RSÍ. Mörg námskeið voru í verkmenntaskólunum og sótt jafnt af nemum og kennurum jafnvel úr vélskólanum, tækniskólanum og háskólanum. Dagskráin var mjög þétt. Haldin voru námskeið 34 helgar á ári á 14 stöðum á landinu. Búnaðurinn var umfangsmikill, fyrir segulliðanámskeiðið t.d. var hann um hálf tonn að þyngd.

Árin 1975–1978 var eftirmenntunarstarfið rekið með fjárframlagi sem fékkst á fjárlögum í gegnum iðnaðarráðuneytið. Árið 1978 klippti þáverandi iðnaðarráðherra á þær fjárveitingar. Sem dæmi um þá miklu áherslu sem lögð var á þetta verkefni sömdu rafiðnaðarmenn við fyrirtækin í rafiðnaði á miðjum samningstíma um nýtt eftirmenntunargjald, 0,75% af útborguðum launum áttu að renna í eftirmenntunarsjóð. Rafiðnaðarsambandið stóð að miklu leyti undir rekstri eftirmenntunarinnar árin 1978 og 1979, á meðan verið var að koma innheimtu hins nýja gjalds í gang. Árið 1980 var eftirmenntunargjaldið síðan hækkað í 1%.

Haustið 1985 var Rafiðnaðarskólinn stofnaður. Sjötíu fermetra húsnæði var leigt að Skipholti 7 og námskeiðin í Reykjavík voru haldin þar. Á þessum tíma gengu símvirkjar og símsmiðir í RSÍ. Símvirkjar sameinuðust útvarpsvirkjum og skriftvélavirkjum í nýrri iðngrein, rafeindavirkjun. Einnig var á þessum árum unnið að stofnun nýrrar iðngreinar, rafveituvirkjun, fyrir þáverandi raflínnumenn.

Árið 1986 voru fest kaup á 150 ferm. hæð í Skipholti 29. Tveim árum síðar voru fest kaup á 530 ferm. hæð í Skeifunni 11B. Árið 1993 var húsnæði skólans enn aukið um 250 ferm. Fræðsluskrifstofa í

rafiðnaði var einnig stofnuð og gerður samningur við Menntamálaráðuneytið um að hún sæi um öll sveinspróf í rafiðngreinum, útgáfu sveinsbréfa, prófabanka, námskrár og endurnýjun þeirra, ásamt samstarfi við verkmenntaskólana um nám í rafiðngreinum.

Árið 1995 var stofnuð bókaútgáfa til þess að halda utan um fjölmargar kennslubækur sem skólinn og samtökin höfðu látið þýða og semja. Árið 2008 var stofnað Rafbókasafn á netinu en þar eru allar kennslubækur í rafgreinum. Námsefni fyrir eðlis- og efnafræðikennslu í grunnskólum, námsbrautir í framhaldsskólum og alla rafiðnaðaráfanga í verknámsskólum og tækniháskólum. Þessar bækur eru öllum rafiðnaðarnemum aðgengilegar án endurgjalds. Kennsla milli verknámsskóla er ákaflega mismunandi jafnvel þó um sömu áfanga sé að ræða og hefur það valdið rafiðnaðarnemum miklum erfiðleikum vilji þeir skipta um skóla og einnig mismunandi stöðu þegar til sveinsprófa og lokaprófa kemur.

Árið 2010 flutti Rafiðnaðarskólinn í nýtt 1.250 ferm. húsnæði við Stórhöfða 27. Undanfarinn áratug hafa árlega verið haldin yfir 100 námskeið með rúmlega 1000 þátttakendum. Boðið er upp á 70 mismunandi námskeið sem reglulega eru uppfærð með tilliti til tækniþróunar, auk margs konar kynninga og fyrirlestra. Fastur starfsmannafjöldi í fræðslustarfinu hefur lengi verið um 10, auk fjölda annarra lausráðinna kennara. Við stofnum RSÍ voru félagsmenn 480. Þá unnu um 350 í byggingargeira, 100 í orkugeira og um 30 í tæknigeiranum. Nú eru rafiðnaðarmenn um 6000, um 800 vinna í byggingargeira, 300 í stóriðju, 200 í orkugeira, 200 í störfum tengdum fiskvinnslu og landbúnaði, um 1500 í síma- og fjarskiptageira og 3000 í tækni- og þjónustugeiranum.





Hjálparfoss í Þjórsárdal

## Styrktarsjóðurinn

### Tegund styrkja – fjöldi styrkþega

Auk þess sem fram kemur í töflunni á næstu síðu voru samkvæmt starfsreglum sambandsins greidd námskeiðsgjöld atvinnulausra sem sóttu námskeið Rafiðnaðarskólans en þessi upphæð var kr. 1.516.725.- á síðasta ári.

**Árlegur Námskeiðsstyrkur** er kr. 20.000. Skráðir atvinnulausir RSÍ-félagar í 30 daga eða lengur eiga rétt á tvöföldun þessa styrks, samtals kr. 40.000. RSÍ greiðir að auki allt námskeiðsgjald að öllum þeim námskeiðum sem Rafiðnaðarskólinn heldur.

Styrktarsjóður rafiðnaðarmanna er einn af virkustu sjúkrasjóðunum innan verkalýðshreyfingarinnar og reglugerð sjóðsins veitir félagsmönnum og fjölskyldum þeirra eitt langöruggasta umhverfi sem

þekkt í íslenskri verkalýðshreyfingu. Styrktarsjóðurinn greiðir félagsmönnum bætur og styrki vegna veikinda og slysa, eftir að greiðslum frá atvinnurekanda lýkur. Þá greiðir sjóðurinn einnig útfarar-kostnað, dánarbætur og styrkir sjóðsfélaga sem þurfa að fara sjálfir eða með einhvern úr fjölskyldu sinni til lækninga fjarri heimilum til Reykjavíkur eða til útlanda. Einnig tekur sjóðurinn þátt í greiðslum vegna sjúkranudds og sjúkrabjálfunar.

Styrktegund	2009		2010		Mismunur		
	Upphæð	Fjöldi gr. á kennitölu	Upphæð	Fjöldi gr. á kennitölu	Upphæð	%	Fjöldi gr.
Aðrir styrkir	1.440.984	8	1.698.673	10	257.689	17,9%	2
Andlátsstyrkir til barna	4.134.612	5	2.488.548	3	-1.646.064	100,0%	-2
Útfararstyrkir	6.211.394	18	9.683.822	25	3.472.428	55,9%	7
Ferðastyrkir	93.000	3	108.000	5	15.000	16,1%	2
Gleraugnastyrkir	5.035.788	183	5.532.501	198	496.713	9,9%	15
Glasa/tækknifríðgun	748.125	11	1.895.264	28	1.147.139	153,3%	17
Hjartavernd	360.465	45	408.590	48	48.125	13,4%	3
Krabbameinsskoðun	74.976	21	112.438	31	37.462	50,0%	10
Líkamsræktarstyrkir	19.767.519	1170	20.376.163	1193	608.644	3,1%	23
Læknis- og lyfjakostn.	5.868.234	105	5.357.507	108	-510.727	-8,7%	3
Sjúkrabjálfun og nudd	6.058.950	298	5.210.390	286	-848.560	-14,0%	-12
Sjúkradagpen. 80%	93.742.525	91	50.925.762	59	-42.816.763	-45,7%	-32
Sjúradagpen.-lágmark	2.799.580	14	4.146.562	9	1.346.982	48,1%	-5
Líkamsræktarstyrkir til atv.l.	155.175	17	57.540	14	-97.635	100,0%	-3
Námskeiðsst.til atv.lausra	488.300	27	485.396	25	-2.904	100,0%	-2
Jólastyrkur til atv.lausra	0	0	840.000	41	840.000	100,0%	41
<b>SAMTALS</b>	<b>146.979.627</b>	<b>2.016</b>	<b>109.327.156</b>	<b>2.083</b>	<b>-37.652.471</b>	<b>-25,6%</b>	<b>67</b>

## Styrkir styrktarsjóðs

Styrkir	2007	2008	2009	2010
Sjúkrabætur	75.524.018	72.127.034	96.542.105	55.072.324
Eingr.dánarbætur	5.156.589	5.591.347	10.346.006	12.172.370
Sjúkran. og sjúkrabjálfun	4.755.480	5.419.200	6.058.950	5.210.390
Lækniskostnaður	5.898.733	5.131.304	6.616.359	7.252.771
Ferðastyrkir	243.000	428.645	93.000	108.000
Líkamsr. og forvarnarstarf	11.477.800	14.269.120	20.296.135	20.954.731
Gleraugnastyrkir	6.170.109	5.273.735	5.035.788	5.532.501
Styrkir v. atv.lausra	0	0	4.846.712	2.842.121
Aðrir styrkir	2.744.458	3.391.200	1.440.984	1.698.673
<b>Samtals</b>	<b>111.970.187</b>	<b>111.631.58</b>	<b>151.276.039</b>	<b>110.843.881</b>

**Sjúkradagpeningar** tekjutenging að 80% af launum næstliðinna 5 mán. en hámark kr. 431.439 á mánuði.

**Árlegur Forvarnar-líkamsræktarstyrkur** er kr. 20.000.



Dettifoss í Jökulsá á Fjöllum

## Starfsemi Stafa

Afkoma Stafa lífeyrissjóðs bantaði á milli ára. Hrein raunávöxtun var 0,1% sem er umtalsverður bati frá árinu 2009 þegar hrein raunávöxtun var – 4,9%. Afkoman er þó langt frá því að vera ásættanleg. Vegna væntinga um batnandi efnahagsástand var gert ráð fyrir betri afkomu en raunin er. Frekari niðurfærslur og afskritir eigna settu svip sinn á afkomuna en Stafir höfðu fjárfest hlutfallslega mikið í skuldabréfum fyrirtækja sem hafa komið illa út úr efnahagshruninu. Ekki liggur endanlega fyrir hversu mikið tjón sjóðsins er þar sem ekki er vitað hvað fæst úr endanlegum uppgjörum þrotabúa og nauðasamningum.

Fjárfestingar sjóðsins eru markaðar af fjárfestingarstefnu fyrir ár hvert. Markmið lífeyrissjóða er það eitt að hámarka arðsemi þeirra fjármuna sem varðveittir eru í þeim. Þátttaka í atvinnulífínu og uppbyggingu þess verður að byggjast á þeim forsendum. Efling atvinnulífsins og uppbygging þess gefur lífeyrissjóðunum tækifæri til fjárfestinga. Nú á tímum gjaldeyrishafta og samdráttar verður æ erfiðara fyrir lífeyrissjóði að fjárfesta með arðbærum hætti og þá um leið eykst áhætta sjóðanna þar sem fjárfestingarkostir hérlendis eru takmarkaðir og auknar erlendar fjárfestingar ekki mögulegar. Því verður æ erfiðara að dreifa áhættu sjóðanna ef ekki verður breyting á.

Stjórn sjóðsins samþykkti að taka þátt í stofnun Framtakssjóðs Íslands á árinu. Það var gert á forsendum þess að tækifæri væru til góðrar ávöxtunar við endurskipulagningu fyrirtækja og um leið væri það jákvætt fyrir atvinnulífið að fjársterkir aðilar, eins og lífeyrissjóðirnir eru, kæmu að uppbyggingu þess.

Erfið staða heimilia og fyrirtækja hefur verið mjög í umræðunni frá Hruni. Stjórn sjóðsins samþykkti að vera aðili að samkomulagi fjármálastofnana og lífeyrissjóða um úrræði fyrir skuldsett heimili. Þetta er einn þátturinn í endurreisn efnahagslífsins og mikilvægur þáttur í að lagfæra stöðu skuldsettra heimila. Um leið verður þessi hluti eignasafns lífeyrissjóðsins heilbrigðari.

Framundan eru mikil verkefni fyrir þjóðina. Uppbygging atvinnulífs og atvinnutækifæra er brýnasta hagsmunamál fyrirtækja og einstaklinga. Afnáam gjaldeyrishafta og heimildir til fjárfestinga erlendis eru nauðsynlegur þáttur þessarar uppbyggingar. Nauðsynlegt er að draga lærdóm af því sem gerðist fyrir og í hruninu en óþarft að festast í neikvæðu hugarfari og bölmóði. Opið hagkerfi með skýrum reglum hefur reynst best fyrir samfélagið. Framundan er uppbygging, spennandi tímar. Það eru hagsmunir Stafa lífeyrissjóðs og sjóðsfélag að sjóðurinn og lífeyrissjóðirnir almennt séu virkir í þeirri uppbyggingu með fjárfestingum í arðbærum verkefnum.

## Sjóðfélagar og iðgjöld

Á árinu 2010 greiddu 8.862 einstaklingar iðgjald til samtryggingardeildar Stafa sem er fækkun um 410 manns frá árinu áður. Fjöldi virkra sjóðfélaga var 6.670, þ.e. sjóðfélaga sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum. Þetta er fækkun um 7,0% frá fyrra ári. Á árinu 2010 námu iðgjaldagreiðslur til sjóðsins 3.736 milljónum króna sem er hækkun um 2,38% frá fyrra ári.

Árið 2010 greiddu 1.589 einstaklingar iðgjald til séreignardeildar Stafa og fjölgaði þeim um 15,6% frá fyrra ári. Alls voru 1.295 virkir sjóðfélagar í séreignardeild og hafði fjölgað um 24%. Á árinu 2010 námu iðgjaldagreiðslur til séreignardeildar 238 milljónum króna, sem er 33% lækkun frá fyrra ári og skýrist að öllu leyti af lækkun á mótframlagi launagreiðanda á milli ára.


## Lífeyrisgreiðslur og tryggingastaða

Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingardeild námu 2.242 milljónum króna og hækkuðu um 2,3 % milli ára. Heildarfjöldi einstaklinga á lífeyrisgreiðslum í árslok var 4.194.

Lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e.a.s. lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum, var 64% en var árið 2009, 69%. Lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af hreinni eign voru 3% samanborið við 3,4% árið áður.

Greiðslur úr séreignardeild námu um 300 milljónum króna, sem er um helmingi lægri upphæð en árið á undan. Skýrist það helst af því að margir sjóðfélagar hafa þegar fengið inneign greidda út en lögum um útgreiðslu var breytt í ársbyrjun 2009.


Hlutfall lífeyris árið 2010



## Greiðslur úr séreignardeild 2006-2011

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins hefur farið fram miðað við árslok 2010. Er niðurstaða athugunarinnar að verðmæti eigna sjóðsins að meðtöldum iðgjöldum en frádregnum kostnaði vegna fjárfestinga reiknast 138.270,2 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyris og rekstrarkostnaðar 150.444,9 milljónir. Mismunur eigna og skuldbindinga reiknast því -12.174,7 milljónir, eða - 8,1% af skuldbindingum.

Greiðslur úr séreignardeild 2006-2010



Staða sjóðsins er innan þeirra marka sem áskilin eru í l. 129/1997 með breytingu til bráðabirgða 2010, en vikmörk milli eigna og skuldbindinga eru færð í 15% fyrir tryggingafræðilegar athuganir ársins 2010 frá þeim 10% sem almennt gilda fyrir stöðu á einstöku ári. Samþykktir Stafa lífeyrissjóðs vísa til ákvæða l. 129/1997 um tryggingafræðilega stöðu einstakra ára. Fyrir stöðu samfelld á fimm ára tímabili er í samþykktum miðað við 5% vikmörk, og var sjóðurinn innan þeirra marka við lok árs 2007 og uppfyllir sjóðurinn því einnig skilyrði samþykktu um tryggingafræðilega stöðu.


## Ávöxtun eigna

Nafnávöxtun allra eigna var 2,8% en hrein raunávöxtun, eftir frádrátt fjárfestingarkostnaðar og rekstrarkostnaðar, nam 0,2%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins síðustu fimm árin er neikvæð um 4,2% en jákvæð um 0,6% síðustu tíu árin. Við útreikning á sögulegri ávöxtun er meðalávöxtun sam-einaðra sjóða lögð til grundvallar. Sjóðfélögum stendur til boða að velja um þrjár séreignarleiðir sem hafa skilað mismunandi ávöxtun, allt eftir samsetningu og áhættu. Til að mynda var nafnávöxtun síðasta árs á leið 1, Sólstöfum, 6,4% sem jafngildir 3,7% raunávöxtun og vegin 5 ára meðalávöxtun er 5,1%.

## Fjárfestingar

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam tæplega 84 milljörðum króna. Á liðnu ári var 19 milljörðum króna ráðstafað til verðbréfakaupa og lánveitinga í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðsins. Keypt voru skuldabréf fyrir rúmlega 13 milljarða króna. Afborganir og sala skulda-bréfa námu rúmlega 11 milljörðum króna.

Eignasamsetning í lok árs 2010 í milljörðum króna



Keypt voru verðbréf með breytilegum tekjum fyrir 5 milljarða króna en seld fyrir 3 milljarða króna.

## Rekstrarkostnaður

Rekstur sjóðsins var með hefðbundnu sniði á árinu. Rekstrarkostnaður nam 110 milljónum króna, sem er um 0,5% aukning frá fyrra ári. Áfram fellur til mikill kostnaður vegna lögfræðiaðstoðar og endurskoðunar og nam sú upphæð alls 21,6 milljónum eða 20% af rekstrarkostnaði sjóðsins á liðnu ári.

Rekstrarkostnaður, sem hlutfall af eignum, var 0,13% samanborið við 0,14% árið áður.

Sjóðurinn starfar í erfiðu umhverfi þegar kemur að fjárfestingum. Aðeins örfá fyrirtæki eru skráð í Kauphöll Íslands og lítið um fýsilegar skuldabréfaútgáfur. Sífelld erfiðara er að finna fjárfestingarkosti er uppfylla þær kröfur er sjóðurinn gerir og gjaldyrishöft valda því að ekki er hægt að fjárfesta erlendis.

Á skrifstofu sjóðsins eru nú 12 fastráðnir starfsmenn.


## Skipulag og stjórnun Stafa

Stöðugt er unnið að því að efla skipulag og rekstur Stafa með það að markmiði að auka rekstraröruggi. Sjóðurinn býr við öflugt eftirlit ytri endurskoðanda, PWC, og innri endurskoðanda, Deloitte.

Þessir aðilar vinna sjálfstætt og hafa skoðað sjóðinn og rekstur hans fyrir árið 2010 og skilað stjórn sjóðsins skýrslu þar um. Þá hefur stjórn Stafa skipað þriggja manna endurskoðunarnefnd. Tveir nefndarmenn eru óháðir stjórninni en sá þriðji situr í stjórn. Nefndinni er ætlað að yfirfara vinnubrögð endurskoðanda og vinna náið með innri endurskoðanda að því að efla enn frekar eftirlit með rekstri sjóðsins. Þá starfar sérstakur regluvörður fyrir stjórnina og annast eftirlit með verðbréfavíðskiptum stjórnarmanna og starfsmanna, ef einhver eru.

Á vefnum stafir.is má nálgast almennar upplýsingar um sjóðinn. Skrái sjóðfélagi sig inn með lykilorði fær hann upplýsingar eigin stöðu gagnvart Stöfum: greitt iðgjald, lífeyrisrétt, lífeyrisgreiðslur og sjóðfélagalán.





**SAMSTAÐA**  
**ORKA**  
**TIL BREYTINGA**



**RAFIÐNÁÐARSAMBAND ÍSLANDS**